



Lögmenn sf.

Iðnaðarráðuneyti			
Málsnr.	IDN00080019	Ábmr.	HeBa
B lyk.	2.1.1	Aðrir	ÞIT
Mótt.	11.11.2011	Fskj.	
Aths.		Trúnm.	

Rammaáætlun

Iðnaðarráðuneytinu

Arnarhvoli

150 Reykjavík.

Reykjavík, 10. nóvember 2011.

Umsögn um rammaáætlun.

Í rammaáætlun eru virkjanir í neðri hluta Þjórsár settar í nýtingarflokk. Gerð er krafa til þess að neðri hluti Þjórsár verði settur í verndarflokk en til vara í biðflokk.

Ljóst má vera að nefndar virkjanir hafa í för með sér veruleg óafturkræf umhverfisspjöll. Nægir þar að nefna að umhverfi árinna og rennsli verður gjörbreytt. Þrjú virkjanalón eru fyrirhuguð. Laxastofn árinna, stærsti laxastofn landsins, er í raunverulegri útrýmingarhættu og fyrirséð að boðaðar mótvægisáðgerðir breyti þar engu. Gönguleiðir laxa upp ána eru torveldaðar verulega og nánast útilokað að laxaseiði nái að ganga niður ána gegnum hverfla og lón, eins og reynsla erlendis hefur leitt í ljós. Mikilvæg hrygningar- og uppeldissvæði verða eyðilögð að verulegu leyti. Í umhverfismati er ekki gerð minnsta tilraun til að meta hvort hald sé í meintum mótvægisáðgerðum. Laxastofninn er ekki látinn njóta vafans fremur en náttúra og umhverfi Þjórsár almennt séð. Fyrirhugaðar virkjanir með tilheyrandi lónum á að byggja á virku jarðskjálftasvæði og hripleku hrauni. Alkunna er að brunnar í Skeiðahreppi fyllast þegar hækkar í ánni og rennsli er neðanjarðar milli Þjórsár og Hvítár. Við blasir að lónin haldi ekki vatni og gjörbreyting muni verða á grunnvatnsstöðu. Þá er það staðreynd að væntanlegt rennsli í ánni fram hjá virkjunum og lónum mun verða afar breytileg, allt að tífoldast frá minnsta rennsli til þess mesta. Það þýðir að allt lífríki á bökkum árinna verður að mestu lagt í rúst sem leiðir til annarra afdrifaríkra umhverfisáhrifa. Sandfok verður viðvarandi þegar vatnsstaða árinna er lægst. Svo mætti lengi telja. Niðurstaða í rammaáætlun varðandi Þjórsá er vanreifuð að þessu leyti og nauðsynleg rannsaka þessa þætti og fleiri, sbr. neðanskráðar röksemdir, áður en þingsályktun um rammaáætlun verður lögð fram.

Framanrituð rök og mörg fleiri hafa verið tíunduð í athugasemdum í skipulagsferli vegna breytinga á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps í þágu hinna fyrirhuguðu virkjana.

Karl Ó. Karlsson hrl.

Fulltrúi: Anna Lilja Sigurðardóttir hdl


LAG Lögmenn sf. Ingólfsstræti 5 4 hæð 101 Reykjavík Sími 562 2024. Fax 562 0610

Voru gerðar 29 almennar athugasemdir, 16 athugasemdir vegna náttúruþátta, 5, athugasemdir vegna samgangna, 6 athugasemdir vegna grunnvatnsstöðu, jarðskjálfta- og flóðahættu, 4 athugasemdir vegna lífríkis, 2 athugasemdir vegna ferðaþjónustu, 15 athugasemdir vegna einstakra jarða og 2 athugasemdir frá umsagnaraðilum.

Hjálagt fylgir yfirlit yfir þessar athugasemdir og ljósrit af þeim. Einnig fylgir samantekt Skeiða- og Gnúpverjahrepps yfir móteknar athugasemdir. Ég geri þessar athugasemdir að mínum til stuðning þeim kröfum sem gerðar eru í upphafi umsagnar þessarar.

Ég áskil mér rétt til að koma fram með frekari rökstuðning og leggja fram viðbótargögn.

Virðingarfyllst,


Atli Gíslason, hrl. og alþingismaður.

Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016, Hvamms- og Holtavirkjun. Samantekt athugasemda.

1. Almennar athugasemdir.

- Almannahagsmunir ekki hafðir að leiðarljósi.
- Gegn hagsmunum íbúa hreppsins. Engar tekjur til sveitarfélagsins.
- Enginn störf eftir framkvæmdartíma.
- Ekkí hagur sveitarfélagsins, landsvæði gjaldfeld, lífsgæði minnka.
- Vantar rökstuðning hreppsnefndar fyrir ákvörðun.
- Kynning á ask. breytingu ekki farið fram eins og lög gera ráð fyrir. Kynning á framkvæmd slæm og hlutdræg.
- Aðalskipulagsuppráttur gefur falska mynd af rennsli þjórsár, sýnir núverandi rennsli.
- Vandamál vegna jaka og aurburðar.
- Umhverfismat gamalt, viðhorfsbreytingar orðið og breytingar á framkvæmd.
- Rökstuðning fyrir val á virkjun í 2. þrepun en ekki 1. þrepi.
- Virkjun í 1. þrepi betri kostur vegna sjónrænna áhrifa, áhrifa á landnotkun, gróður og fugla, skv. úrskurði Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.
- Samningar um fébætur vegna landmissis mega ekki mismuna fólki, réttur manna virðist mismikill (minni hjá sumarbústaðaeigendum).
- Frístundabændur ekki með í ákvarðanatöku.
- Rannsaka þarf möguleika að hafa yfirborð Hagalóns 2 m lægra, ekki verið gert að fullu. Breyting á aðalskipulagi á skjön við sýn sveitarsjómar skv. uppl. á heimasíðu.
- Viðbótarannsóknnum ólokið sem ber að gera skv. úrskurði Skipulagsstofnunar á MÁU. Lífríkið þarf að njóta vafans þegar óvissa ríkir.
- Eignarréttur vemdður skv. Stjórnarskrá. Réttur á bótum úr sveitarsjóði vegna breytinga á aðalskipulagi.
- Landbúnaðarlandi eytt, á skjön við Jarðalög nr. 81/2004. Vantar uppl. um vatnssamninga Titanfélagsins.
- Verðmeta þarf allar jarðir og sumarbúsaðalóðir með og án framkvæmda.
- Rammaáætlun um nýtingu vatns liggur ekki fyrir.
- Framkvæmdasvæði nálægt vatnstökusvæði Hitaveitu Gnúpverja sem er því í hættu.
- Landgæði rýma, býli dragast saman og búskapur hættir.
- Þjórsárdalur missir aðdráttarafl.
- Malarnámur fara undir vatn.
- Sauðfjárnarmargirðing við Þjósa brestur.
- Lónshæð of há, mætti lækka um nokkra metra og bjarga með því ásýnd.
- Kólnun og önnur veðuráhrif í nágrenni lóns.

Umhverfiskostnaður ekki verið opinberaður.

Vöntun á uppl. um óvissuþætt, s.s. nærveður við lón, grunnvatnsstöðu og vamaargarða. Rofhætta á ákv. stöðum. Landþrengsl verða með vestanverðu lón, slæmt vegna reksturs hrossa. Land til búrekstrar skerðist við bakka Þjórsár.

Ásýnd hreppsins breytist, ekki hægt að færa til fyrra horfs. Fiskgengd stefnt í voða. Ámiður hverfur, náttúruhljóð. Ónæði á framkvæmdatíma. Heldur Þjórsáhraun vatni, óvissa með áhrif jarðskjálfta. Ekki sjálfbær landnýting, gengið á höfuðstól náttúrunnar.

2. Athugasemdir vegna náttúrupáttá

Framkvæmdir hafa ófyrirsjáanleg, óafturkræf og óbætanleg áhrif á náttúrufar, landslag, og lífríki Þjórsá og grannsvæða hennar. Óbein áhrif á friðuð svæði ofan í og við Þjórsá.

Framkvæmdir ekki sjálfbær landnýting heldur veldur tortímingu á landi, lón fyllast af aur og sæti. Náttúran er takmörkuð auðlind sem ber að virða og varðveita, ekki ganga á höfuðstól hennar.

Ekki sjálfbær landnýting.

Uppistöðulón í Þjórsá raska vístfræðilegu jafnvægi Þjórsá.

Breytt rennsli hefur áhrif á jafnvægi jarðvegs, gróðurs og dýralífs.

Ásýnd og eðli Þjórsár verður gjörbreytt.

Ásýnd sveifarfélagans mun breytast og útlokað að færa landslag til fyrra horfs.

Fossar verða eyðilagðir og eyjum sökkt að hluta.

Hljóð náttúrumar (ámiðuriðin) breytast og hverfa.

Náttúrulegt útsýni skemmt.

Varðveita ber óspillt land og náttúru.

Varpsvæði og farsvæði fugla skaðast. Líndarsvæði anda spillast. Ekki tekið tillit til nytja af fuglaveiðilöndum. Veldur lækkun á verðmæti jarða.

Vantar í umhverfisskýrslu að fjalla um áhrif á samfélag, eignir, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, vatn, veðurfar, náttúru- og menningarmínjar, landslag og samverkan þessa þátta allra.

Vöntun á rannsóknunum vegna breytinga á náttúrufari, loftþita, foki, grunnvatnsstöðu, fuglalífi, öður dýralífi, mánnlífi og náttúru.

Sandfok og uppblástur úr þurum farvegi Þjórsár. Óskað eftir nánari skýringu á uppgræðslu farvegs.

Fok úr þurum farvegi sem ekki er hægt að græða upp því stundum er í honum vatn.

3. Athugasemdir vegna samgangna

Umferð og ónæði verða á framkvæmdatíma.

Óljóst hvar vegastæði Þjórsárdalsvegur verður og frá Fossnesi að Minna-Núpi, hvar verður farið yfir þverá. Hvar verða göngu-, hjóla- og reiðleiðir.

Vegur við sumarbústað hækkar og umferð færast nær.

Óljóst með frágang og legu raflína og legu aðkomuvega.

Óljóst með breytingar á Þjórsárdalsvegi og Gnúperjavegi og hvaða áhrif breytt lega mun hafa á landnotkun, samgöngur og umhverfi.

4. Athugasemdir vegna grunnvatnsstöðu, jarðskjálfta- og flóðahættu

Jarðskjálftahætta vanmetin, hætta metin á röngum forsendum: vatn getur valdið jarðskjálftum þegar jarðskjálftasprungur fyllast af vatni, aukinn þrýstingur í sprungum getur valdið skjálftavirkni. Jarðskjálftasprungur fara undir lón. Mun skjálftavirkni breytast á svæðinu, verða skjálftar stærri en áður eða myndast nýtt jafnvægi. Álit þarf frá Veðurstofu Íslands eða Jarðvísindastofnun HÍ. Gegnvet setlög hegða þér öðruvísi en þurr setlög í jarðskjálftum. Rannsaka þarf afleiðingar áhrif jarðskjálfta á vatnssósa setlög.

Virkjanir og lón á sprungu- og skjálftasvæði, heldur Þjórsárhraun vatni.

Óvissa með hættu vegna jarðskjálfta og flóða.

Áhætta fyrir fólk neðan virkjana vegna jarðskjálfta og flóðahættu.

Óvissa með flóðahættu vegna jarðskjálfta. Þjórsárhraunið lekt, jarðvatnsstaða mun hækka og spilla landi, réttur til bóta áskilinn.

Skortur á upplýsingum um grunnvatnsstöðu og varnargarða.

5. Athugasemdir vegna lífríkis

Fiskgængd í Þjórsá og þverám stefnt í vöða. Hrygningar- og uppeldissvæði fiska skaðast. Aurstreymi til sjávar minnkar, neikvæð áhrif á vöxt og viðgang nyltastofna.

Sjávarlífi í Selvogsbanka stefnt í vöða.

Minni aurburður dregur úr bindingu sjávar á gróðurhúsalofttegundum.

Einstakur Laxastofn í Þjórsá, framkvæmdir mikil áhrif á veiði.

6. Athugasemdir vegna ferðapjónustu

Göngu- og reiðleiðir eyðilagðar, fótum kippt undan ferðapjónustu á svæðinu. Hljóð náttúrunnar breytist, ámiður hverfur. Framkvæmdir fæla burt ferðamenn og áhuga á uppbyggingu frístundahúsa. Stóðum kippt undan ferðapjónustu, göngu- og reiðleiðir hverfa. Framkvæmdir munu fækka ferðamönnum og minnka áhuga fólks á að byggja frístundarhús. Takmarkar vöxt ferðapjónustu sem byggir á umhverfisstefnu.

Slæm áhrif á frístundarbyggð, meira en landmissir, eftirspurn minnkar vegna framkvæmda.

7. Athugasemdir vegna einstakra jarða

Bætur vegna röskunar á lífríki árinna eða vegna breytinga á landi. Samningar við landeigendur Ásólsstaða um tilhögun framkvæmda á jörðinni (malamám, vegagerð, mótvægisaðgerðir, bætur).

Sjónræn áhrif frá Hamarsheiði, Víðihlíð og Hamarsholts ekki tekin með í reikninginn í umhverfismati. Sveitarstjórn skal bæta tjón vegna sjónrænna áhrifa.

Gjörbreytt ásjúnd Jarðana Miðhús I og II, umhverfisgæðum spillt og verðmæti rýmar. Fiskgengd spillt upp Kálfá og í Þjórsá en Miðhús á veiðirétt þarna. Einangrun hins friðaða Miðhúsahólma spillt, gróður í hættu.

Veruleg sjónræn áhrif frá frístundabyggð í landi Minna-Núps og ferðaþjónustu í landi Stóra-Núps.

Hluti lands Stóra-Núps undir vatn, dregur úr gildi svæðisins og þar með framtíðferðaþjónustu.

Veruleg sjónræn áhrif frá frístundabyggð í landi Minna-Núps. Óskað eftir nánari skýringu á uppgræðslu farvegs.

Sjónræn áhrif ógna starfsemi ferðaþjónustu í Minni-Mástungu. Fiskgengd og veiði stefnt í hættu, skaðabótakröfur. Tilfinningarlegi gildi svæða sem fer undir vatn.

Sjónræn áhrif gríðarleg í landi Haga og Fössness.

Tún í landi Haga minnka, skortur er þegar á ræktuðu landi miðað við stærð kúabús. Námur í landi Haga og Melhaga fara undir vatn, tekjumissir. Hagaey í eigu Melhaga og annað land undir lón að mestu, óafturkræft.

Neikvætt að færa veg ofar í land, slæm áhrif á bústaði við Haga. Ógjöfingur að reka búskap í Haga á framkvæmdartíma og jafnvel að framkvæmdartíma loknum. Eignarrýmun lands víða. 80 ha af landbúnaðarlandi fara undir vatn, þess var ekki getið um í fyrri tillögu. Lón í 116 m en áður verið bent á að 114 m myndi hafa mun minni áhrif á ásjúnd. Þjóðvegur neðan Haga þarf að færa að lóni, skárrí kostur. Viðey ætti að hverfisverndan, náttúrulegur hólmi án áhrifa manna, banna ætti beit í honum.

Hagaey fer í kaf að mestu og skógræktartilraunir sem gerðar hafa verið í henni. Malamytjar vestan þverár fyrir bí, langt að fara eftir svipuðu efni. Flúðasiglið (ferðaþjónusta) niður Þjórsá leggjast niður frá Haga að Árnasi. Hversu hátt nær lónið við frístundalóðir við Haga. Óljós hversu mikið þarf að hækka veg og hversu hljóðstigið breytis mikið við bústaði.

Gróið land í Hagaey fer undir vatn. Malamytjar eyðileggjast. Hvaða aðgerðir til að lágmarka tjón á jörðinni Melhaga og Haga. Hvaða áhrif hefur hækkuð grunnvatnsstaða á lönd og tún. Hvemig verður frágangur þjóðvegur sem breytist. Möguleiki á að selja lönd undir frístundabyggð skerðist vegna útsýnisskerðingar.

Helstu kennileitum við Haga verður sökkt, ásjúnd svæðisins mun breytast. Veiðiréttur verður einskis virði.

Hvaða áhrif hefur hækkuð og breytileg vatnshæð á skógrækt og uppgræðslusvæði í land Skarfaness og Lambhaga í Landssveit. Áhrif breytts aðgengis á eignarland.

Framkvæmdir hafa áhrif á Traustholtshólma í Þjórsá (Gaulverjabæjarhreppi), breytt rennsli eykur landbrot á hólmanum. Áhrif á laxveiðihlunnindi. Landeiganda ekki verið kynnt fyrirhuguð áhrif.

8. Athugasemdir frá umsagnaraðilum

Ósamræmi við aðalskipulag Rangárbings ytra vegna hæð lóns, á að vera 71 m y.s. Misræmi nokkuð víða í landamörkum milli sveitarfélagana.

Minnt á að fara framkvæmdaraðila er skylt að fara eftir tillögu Fornleifavermdar um mótvægisáðgerðir sem fram komu í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Viðauki A

Samantekt yfir innkomnar athugasemdir á hálendi og rökstuðningur þeirra

98 þeirra athugasemda sem bárust snúa að þeim þáttum tillögunnar sem hafa að gera með hugsanlegar virkjunarframkvæmdir og gerð uppistöðulóna innan sveitarfélagsmarka. Í þessari samantekt má finna yfirlit yfir athugasemdir sem bárust. Athugasemdum hefur verið skipt niður í sex flokka eftir innihald. Undir hverjum flokki má finna þann rökstuðning sem liggur að baki þeim. Sumstaðar er orðalagi breytt til að gera samantektina sem skýrasta. Einnig hefur langur rökstuðningur í nokkrum tilvikum verið stytur.

Samantektin er ætlað að vera tæmandi yfirlit yfir bæði athugasemdir og rökstuðning. Í henni er samt sem áður ekki fjallað um kærur, texta á heimasíðum og greinar sem birtar hafa verið í dagblöðum, sem send voru inn sem meðfylgjandi gögn með athugasemdum. Í lok samantektarinnar má finna lista yfir slík gögn. Í samantektinni er heldur ekki fjallað um almennar hugleiðingar sem sendar voru inn samhliða athugasemdum.

Í einhverjum tilvikum var vandasamt að ráða í hvaða athugasemdir og rökstuðningur eiga saman. Í nokkrum tilvikum hefur því þurft að túlka röksemdirnar. Ef rökstuðningur er birtur undir röngum athugasemdum er beðist velvirðingar á því.

Athugasemd nr. 9:

Athugasemd við aðalskipulagstillagan mun leiða til frekari virkjunarframkvæmda í eða við Þjórsárver.

Rökstuðningur:

- 9.1. Þjórsárver er friðland samkvæmt Íslenskum lögum og eiga sér ekki hliðstæðu í Íslenski náttúru.
- 9.2. Sérstaða Þjórsárvera er slík að svæðið kemur sterklega til greina á heimsminjaskrá UNESCO.
- 9.3. Þjórsárver eru Ramsarsvæði og alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA BirdLife International).
- 9.4. Öll frekari skerðing á Þjórsárverum kann að varða alþjóðlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt sáttmálanum um líffræðilega fjölbreytileika CITES, og Bernarsáttmálanum um verndun villtra dýra og búsvæða þeirra, auk Ramsarsáttmálans um verndum votlendis.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

- 9.5. Í skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, kemur fram að Þjósárver eru verðmætasta svæðið á hálendi Íslands (af þeim 42 svæðum sem metin voru).
- 9.6. Þjósárver eru mikilvægasti varpstaður heiðagæsar í heiminum öllum og fer gildi þeirra vaxandi í ljósi þeirra náttúruspjalla sem nú er verið að vinna við Kárahnjúka.
- 9.7. Ósamræmi við yfirlýst markmið svæðisskipulags miðhálandisins, sem er að halda beri hvers konar mannvirkjagerð á Miðhálandi Íslands í lágmarki og þess í stað að beina henni á jaðarsvæði hálandisins.
- 9.8. Ósamræmi við bókun Samvinnunefndar miðhálandisins frá 13. janúar 2005, þar sem segir: „*Niðurstaðan eru því umfangsmiklar og óafturkræfar framkvæmdir á hálendi Íslands án þess að mat verði gert á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í heild sinni. Þær tillögur, lónhæð 575 og 578 m.y.s. sem fóru í mat á umhverfisáhrifum eru talsvert undir þeim hæðarmörkum sem gert er ráð fyrir í svæðisskipulaginu sem er 581 m.y.s.. Það er mat nefndarinnar að lónhæð 575 m.y.s. hafi bæði verið umhverfislega og tæknilega betri lausn en sú sem hér er til afgreiðslu. Landslagsheild Þjósárvera nær langt útfyrir núverandi mörk friðlands og því er framkvæmdin í heild sinni mikið umhverfisrask á stóru svæði sem skilur eftir sig stærri sár í landinu heldur en tillaga í gildandi svæðisskipulagi gerir ráð fyrir.*”
- 9.9. Ósamræmi við markmið aðalskipulagstillögunnar (bls. 17) um að vernda helstu náttúruyfyrirbæri og menningarminjar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þjósárver eru í heild sinni verðmætasta náttúruyfyrirbæri sveitarfélagsins.
- 9.10. Tillaga Umhverfisstofnunar, sem fram kemur í Náttúruverndaráætlun 2004-2009, að friðland í Þjósárverum verði stækkað, er ekki tekin til greina.
- 9.11. Lón og veitur við Þjósárjökul við friðlandsmörkin austan við Arnarfell munu óhjákvæmilega hafa áhrif á friðland.
- 9.12. Ekki hefur verið framkvæmd allsherjar kostnaðar- og nytjagreining (*cost-benefit analysis*) vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þar sem félagslegir, efnahagslegir, menningarlegir þættir, ásamt umhverfispáttum, hafa verið athugaðir.

Athugasemd nr. 10:

Athugasemd við að gert sé ráð fyrir Norðlingaöldulóni, Vesturkvíslalóni og Arnarfellslóni.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Rökstuðningur:

- 10.1. Framkvæmdirnar munu hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif í Þjórsárverum, bæði á landslag og lífríki, vegna landsins sem tapast vegna framkvæmdanna.
- 10.2. Rennsli Þjórsár um Þjórsárver skerðist verulega en það hefur nú þegar minnkað um 40% með gerð Kvíslaveita. Verði af þessari framkvæmd mun rennslið einungis verða um 30% af upphaflegu rennsli. Þessi rennslisminnkun hefur áhrif á jarðvatnsstöðu í Verunum sem er forsenda þess að þar haldist sífreri sem aftur er forsenda þess sér sérstæða náttúrufars sem einkennir Þjórsárver.
- 10.3. Há jarðvatnsstaða og sífreri er ástæða þess að Þjórsárver eru stærsta gróðurvin á miðhálandi Íslands.
- 10.4. Sumstaðar munu framkvæmdir valda hækkaðri jarðvatnsstöðu og auknu lindarrennsli sem aftur kann að bræða sífrerann ofan frá.
- 10.5. Framkvæmdir munu minnka framburð sets í Þjórsá, en auka á áfokshættu í Þjórsárverum.
- 10.6. Tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans til ríkisstjórnar Íslands frá því í desember 2004, vegna kæru fjölda náttúruverndarsamtaka. Þar kemur eftirfarandi fram: „Relating to Nordlingaalda hydropower dam (Thjórsárver): Maintain the favourable conservation status of the Thjórsárver to ensure the ecological integrity of this ecosystem and protect against significant negative impacts that may arise as a result of energy projects.”

„Recommends that the Government of Iceland: Address cumulative negative effects on Bern Convention species while conducting a strategic environmental impact assessment in accordance with the European Community SEA Directive (2001/42/EC), based on the Master Plan for hydro and geothermal energy resources.”
- 10.7. Vesturkvíslalón og Arnarfellslón eru ekki mótvægisáðgerðir, heldur viðbótarframkvæmd sem aldrei hefur verið metin í samræmi við lög.
- 10.8. Almennungi gafst ekki tækifæri á að kynna sér upplýsingar um framkvæmdir við Vesturkvíslalón og Arnarfellslón. Málsaðilar höfðu þegar hafnað Kvíslaveitu 6, sem er mun umfangsminni.
- 10.9. Setlón af þessari stærðargráðu þarf samkvæmt lögum að fara í umhverfismat.
- 10.10. Nýlegar skýrslur Jack D. Ives og Roger Crofts sýna að svæðið gæti farið á heimsmínjaskrá UNESCO.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

10.11. Í nýlegri skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, kemur fram að Þjósárver eru verðmætasta svæðið á hálendi Íslands af þeim 42 sem metin voru. Af því má sjá að þau hafa afar hátt náttúruverndargildi. Framkvæmdir munu draga mikið úr náttúruverndargild svæðisins.

10.12. Ekki hefur verið sýnt fram á að öll skilyrði í úrskurði Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, hafi verið uppfyllt.

Athugasemd nr. 11:

Athugasemd við gert sé ráð fyrir uppistöðulóni í 567,5 m.y.s. og Norðlingaölduveitu ásamt tilheyrandi mannvirkjum.

Rökstuðningur:

11.1. Mótsögn við stefnuskrá núverandi meirihluta sveitarstjórnar, þar sem segir að Norðlingaölduveitu sé hafnað.

11.2 Ekki hefur verið sýnt fram á að framkvæmdin sé nauðsynleg.

11.3. Orkupörf Norðuráls hefur verið mætt á annan hátt.

11.4. Af niðurstöðum 1. áfanga rammaáætlunar er ljóst að að margir umhverfisvænni virkjunarkostir eru fyrir hendi.

11.5. Fordæmi eru fyrir því að slíku skipulagi sé frestað (sbr. Núpsvirkjun).

11.6. Ósamræmi við þá stefnu svæðisskipulag miðhálandisins að skilgreina svæðið sem náttúruverndarsvæði.

11.7. Náttúrugildi Þjósárvera er gríðarmikið, bæði á landsvísu og heimsvísu. Ábyrgð sveitarstjórnar er því mikil og óásættanlegt að hún taki áhættu sem gæti stefnt framtíð Þjósárvera í hættu.

11.8. Nýleg skýrsla um 1. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma kemur fram að Þjósárver séu verðmætasta svæðið á hálendi Íslands af þeim 42 sem metin voru. Engin efnahagsleg rök geta því réttlætt fyrirhugaðar framkvæmdir, þar sem um náttúrugersemar á heimsvísu er að ræða.

Athugasemd nr. 12:

Athugasemd við þann lið aðalskipulagstillögunnar sem snýr að Norðlingaöldulóni og veitu og setlóni með veitu við Þjósárjökul, við friðlandsmörkin austan við Arnarfell séu mannvirki sem falla innan marka Þjósárvera. Mannvirkin eru tilgreind sem 16, 17 og 18 á bls. 28 í skipulagstillögunni.

Rökstuðningur:

- 12.1. Ekki er tekið tillit til ríkra náttúruverndarhagsmuna og yfirlýstra markmiða svæðisskipulags Miðhálandisins og tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
- 12.2. Álit Umhverfisstofnunar, sem gefið var út vorið 2003, þar sem lagt var til að að friðlandið í Þjorsárverum verði stækkað, er ekki tekið til greina.
- 12.3. Ekki er tekið tillit til skýrslu erlendra sérfræðinga (Jack D. Ives og Roger Croft), um mat á náttúruverndargildi Þjorsárvera og áhrif áformaðra mannvirkja þar.
- 12.4. Í skýrslu um 1. áfanga rammaáætlunar kemur fram það mat faghóps I að samvegin náttúruverðmæti Þjorsárvera séu í efsta sæti í samanburðarmati á 41 svæði á Íslandi.
- 12.5. Svæðið gæti átt heima á Heimsminjaskrá UNESCO.
- 12.6. Framkvæmdir munu óhjákvæmilega hafa áhrif á friðlandið

Athugasemd nr. 13:

Almennar athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi.

Rökstuðningur:

- 13.1. Siðferðileg skylda sveitarstjórnar að framfylgja stefnuskrá meirihluta sveitarstjórnar, þar sem segir „Norðlingaölduveitu er hafnað”.
- 13.2. Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir mannvirkjum sem aldrei hafa hlotið lögformlegt umhverfismat og almenningur hefur ekki haft tækifæri til að gera lögformlegar athugasemdir við. Með samþykkt auglýsts aðalskipulags opnast sá möguleiki að leyfðar verði framkvæmdir sem jafngilda að mestu Kvíslaveitu 6 enda þótt málsaðilar hafi hafnað þeim fyrirhuguðu framkvæmdum. Þetta brýtur á rétti almennings og gengur gegn landslögum.
- 13.3. Ekki hefur verið sýnt fram á að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi ekki áhrif inn á friðlandið í Þjorsárverum. Eitt af skilyrðum í úrskurði Jóns Kristjánssonar um Norðlingaölduveitu var að framkvæmdir mættu ekki hafa slík áhrif.
- 13.4. Ótækt er að gera ráð fyrir mannvirkjum á svæði sem er skilgreint náttúruverndarsvæði í núgildandi Svæðisskipulagi Miðhálandisins. Þar er yfirlýst markmið:

„... að almennt beri að halda hverskonar mannvirkjagerð á Miðhálandi Íslands í lágmarki og þess í stað beina henni á jaðarsvæði hálandisins.”

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

- 13.5. Niðurstöður rannsókna Jack Ives og Roger Crofts á Þjórsársvæðinu varðandi alþjóðlegt mikilvægi svæðisins og þýðingu þess fyrir ferðaþjónustu benda til að verðmæti svæðisins sé margfalt meira sé það ósnortið en verði fyrirhuguð mannvirki byggð.
- 13.6 Stoðgögn sem fylgdu með athugasemd Hjörleifs Guttormssonar (listinn er birtur orðréttur):
 - 13.6.1 Kæra til umhverfisráðherra 18. september 2002 vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum.
 - 13.6.2 Þjórsárver og veitulón norðan Arnarfells. Grein á heimasíðu HG 10. febrúar 2003.
 - 13.6.3 Þjórsárver og veitulón norðan Arnarfells. Grein birt í Morgunblaðinu 15. febr. 2003.
 - 13.6.4 Þjórsárver og heimskupör Landsvirkjunar. Grein birt í Morgunblaðinu í maí 2003.
 - 13.6.5 Mótmæli til iðnaðarráðuneytis 22. september 2003 vegna auglýsingar um leyfi fyrir Norðlingaölduveitu.
 - 13.6.6 Þingsályktunartillaga um þjóðgarða á miðhálandinu, 16. mál á 123. löggjafarþingi 1998 (þar á meðal um Höfsjökulsþjóðgarð).



Lögmenn sf.

ATLI GÍSLASON hrl. – KARL Ó. KARLSSON hdl.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12

840 Laugarvatni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnassýslu

01. mars 2007

Móttakið

Reykjavík, 27. febrúar 2007.

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Ég undirritaður geri hér með eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjana.

Virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru í og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar og einnig út á landgrunn. Þjórsá verður ýmist veitt úr farvegi sínum í göng eða skurði, eða í hana verða settar stíflur og lón mynduð. Ásýnd og eðli árinna verður því gjörbreytt á 50 km löngum kafla. Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslítill. Upp úr þurrum farvegi Þjórsár mun verða sandfok og hætta á uppblæstri.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Hagaey og Ánesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpsbólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna. Anddyri Þjórsárdals verður sökkt.

Það blasir við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu. Jafnframt að stoðum verði kippt undan ferðapjónustu í sveitinni. Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir sem við viljum leyfa komandi kynslóðum að njóta. Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða.

Niður Þjórsár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur árnidurinn verið vísending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru

fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og ættum við að gæta þeirra. Gríðarleg umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.


Með hliðsjón af framanrituðu má ljóst vera að auglýstar skipulagsbreytingar fara í bága við ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þær ganga gegn almannaheill. Þær ganga alfarið gegn þeim náttúruverndar- og umhverfisjónarmiðum sem gerð er grein fyrir hér að framan og hafa í för með sér önnur veruleg náttúruspjöll til að mynda með háspennulínlögnum frá fyrirhuguðum virkjunum, um Helligsheiði og til Straumsvíkur í Hafnarfirði og Helguvíkur á Reykjanesi. Verði af fyrirhugaðri stækkun álbræðslunnar í Straumsvík mun það einnig leiða til óásættanlegs og verulega aukins útblásturs gróðurhúsalofttegunda og verður Ísland þá það land í Evrópu sem losar mest magn slíkra lofttegunda. Það er alls ekki almenningsþörf á því að íbúar í Árnessýslu og annars staðar á landinu að færi þær gríðarlegu fórnir sem raun ber vitni í þágu mengandi stóriðju og til verðmætasköpunar erlendis. Það er heldur ekki almenningsþörf á því að selja þá raforku sem fyrirhugaðar virkjunum er ætlað að framleiða á útsöluverði til þessara lítt atvinnuskapandi stóriðju á meðan almenningur, bændur og allur annar innlendir atvinnurekstur greiðir margfalt hærri raforkuverð. Raforkan er í raun flutt úr landi í þágu erlendra einokunaraudhringja. Hinar auglýstu skipulagsbreytingar og virkjanir sem af þeim kunna að leiða eru jafnframt ósamrýmanlegar skuldbindingum okkar um sjálfbæra þróun, að náttúran en ekki Landsvirkjun og erlendir álauðhringir njóti vafans og um mengunarbætur, sbr. einnig lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993. Er vísað til inngangs að lögunum og til 73. gr., 74. gr. og 75. gr. Jafnframt eru breytingarnar ósamrýmanlegar markmiðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og til þess fallnar að sveitarfélagið baki sér skaðabótaskyldu á kostnað íbúa þess. Þær breytingar sem sveitarstjórn beitir sér nú fyrir eru engan veginn í þágu hagsmuna sveitarfélagsins, íbúa þess og annarra landsmanna, fjárhagslegra sem ófjárhagslegra, hvernig sem á málið er litið. Fyrirhugaðar skipulagsbreytingarnar eru enn fremur andstæðar þeirri grundvallarreglu, sem Íslendingar hafa virt frá landnámi, að vötn skuli renna sem þau hafa að fornu runnið.

Um frekari röksemdir vísa ég, eftir því sem við á, til athugasemda sem sveitarfélaginu kunna að berast frá einstaklingum og félagasamtökum sem leggjast gegn auglýstum skipulagsbreytingum. Sérstaklega vísa ég til athugasemda Sigbrúðar Jónsdóttur, Eystra – Geldingaholti, til fyrirvara hennar og áskilnaða og geri þær að mínum. Er sérdeilis brýnt að sveitarfélagið fari í einu og öllu að góðum stjórnsýsluháttum við meðferð málsins. Í því samhengi áréttá ég skyldur sem lagðar eru á herðar sveitarfélaginu með stjórnsýslulögum nr. 37/1993, einkum 7. gr. 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 15. gr., 21. gr. og 22. gr.

Rétt er að minna á að við erum með landið í láni frá komandi kynslóðum og ber að skila því til þeirra í betra ástandi en við tókum við því. Auglýstar skipulagsbreytingar ganga þvert gegn þeirri skyldu okkar. Okkur ber að verja Þjórsá fyrir þessum landeyðingaráformum í þágu mengandi stóriðju og einsleitrar og metnaðarlausrar álframleiðslu. Fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá eru andstæðar brýnum þjóðarhagsmunum allra Íslendinga.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan skora ég á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að falla frá auglýstri tillögu um breytingar á aðalskipulagi 2004 til 2116 vegna svonefndra Hvamms- og Holtavirkjana í neðri hluta Þjórsár. Það er til almenningsheilla fyrir íbúa sveitarfélagsins og landsmenn alla.

Virkningarfullst,



Atli Gíslason, hrl.
Birkimel 6
107 Reykjavík.

120847-2369



Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnassýslu
01. mars 2007
Móttekið

Til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Reykjavík, 28. febrúar 2007.

ATHUGASEMDIR

við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016:
Virkjanir í Þjórsá, Hvammsvirkjun og Holtavirkjun

240161-3549

030258-2909

Fyrir hönd eigenda Haga, Sigrúnar Guðlaugsdóttir og Kristmundar Sigurðssonar, og eigenda Melhaga, Guðlaugs Ólafssonar, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, er eftirfarandi andmælum og athugasemdum komið á framfæri vegna ofangreindra breytingartillagna á aðalskipulagi sveitarfélagsins er lúta að Holta- og Hvammsvirkjun í Þjórsá.

Haga
801 Selfors

Fyrirsvar: Ásgeir Jónsson, hdl., Laugavegi 99, Reykjavík, asgeir@pacta.is.

Gögn:

Í bréfi þessu er meðal annars vísað í eftirtaldar skýrslur og gögn:

- 1) Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1. Mat á umhverfisáhrifum. Landsvirkjun, apríl 2003, LV-2003/032. Hér eftir verður þessi skýrsla nefnd **matsskýrsla LV**.
- 2) Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells, unnin á vegum Veiðimálastofnunar, september 2002, VMST-S/02001. Hér eftir verður þessi skýrsla nefnd **rannsóknarskýrsla VMST**.

3) Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, dags. 19. ágúst 2003. Hér eftir verður þetta skjal nefnt **úrskurður S**.

4) Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Breyting á aðalskipulagi 2004-2016. Greinargerð og umhverfisskýrsla. Unnin af Landslagi ehf., dags. 30. nóvember 2006. Hér eftir verður þessi skýrsla nefnd **greinargerð SG**.

(Tekið skal fram að ofangreind skjöl má finna í heild sinni á heimasíðum viðkomandi aðila).

Inngangur:

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögum er gert ráð fyrir því að inntakslón Hvammsvirkjunar, **Hagalón**, verði myndað, en lónið yrði 460 hektarar að stærð miðað við að yfirborð þess verði í 116 metra hæð y.s. Inntakslón af þessari stærð, ef af verður, mun hafa veruleg áhrif hvað umbjóðendur mína varðar um ókomna framtíð, en lónið mun liggja niður af jörðinni og blasir við öllum sem þar búa eða koma.

Á Haga er rekið kúabú og þegar umbj.m. hófu þar búrekstur árið 1991 var ársframleiðsla mjólkur 68.000 ltr., árið 2000 var magnið 125.000 ltr. og nú eru framleiddir ca. 250.000 ltr. á ári, sem er um fjórfalt það magn sem þau framleiddu í upphafi. Ræktað land er af skornum skammti og fremur lítið jarðnæði til ræktunar. Smám saman hefur verið ræktað land neðan þjóðveggar en talsvert af því landi fer undir vatn ef 460 ha. Hagalón verður að veruleika. Hafa umbj.m. leigt tún til grasnytja á Ásólfstöðum þar sem ræktað tún á Haga hafa ekki nægt til reksturs kúabúsins.

Umbj.m. Guðlaugur Ólafsson stundar ekki með búskap en hann hefur um hálfra aldar skeið verið með eigin rekstur og unnið sem jarðvinnuverktaki. Hann hefur haft mikinn hag af efnistöku í landinu við Þjórsá. Margir sveitungar hafa líka notið þess að geta sótt sér sand og mól í landi Haga og Melhaga. Öll steinsteyppt mannvirki í eigu umbj.m. eru með steypumöl og sand úr námum í landinu. Þessar námur færu undir vatn að mestu leyti, nema nyrst í landinu undan Yrjaskeri, en grófleiki og eiginleikar efnis í árfarvegi Þjórsár er mismunandi milli staða. Guðlaugur myndi enn fremur missa námuréttindi sem hann hefur undan Hagaey á Þveráreyrum. Guðlaugur á 1 ha. lands ofan þjóðveggar umhverfis hús sitt á Melhaga, þá á hann 40 ha. eyju í Þjórsá, Hagaey, og u.þ.b. 24 ha. af landi neðan þjóðveggar, en í því landi er fallett hraun, en þetta land yrði eftirsótt fyrir sumarhús ef svo bæri undir. Verulegur hluti af landi hans neðan þjóðveggar færi undir vatn ef Hagalón yrði að veruleika í 116 m. hæð y.s. og Hagaey, sem er að mestu leyti gróin eyja, færi að ca. ¼ hlutum undir vatn.

Landnotkun, lón og annað rask:

Í úrskurði S (bls. 53) kemur fram að tveggja þrepa virkjun (Holta- og Hvammsvirkjun) verði til þess að tæplega 0,4 km² af ræktuðu landi fari undir vatn, en mikið meira óræktað land fer undir vatn. Athygli vekur að í matskýrslu LV er yfirleitt miðað við ferkílómetra við umfjöllun um stærðir lóna og lands sem fer undir lón. Venjulegra er að miða við hektara þegar talað er um jarðir og lönd og líklegra er að almenningur átti sig á þeirri mælieiningu í þessu sambandi fremur en ferkílómetrum. Það fara þannig 40 ha. af ræktuðu landi undir vatn vegna framangreindra virkjana. Að sama skapi er með öllu óásættanlegt að í skýrslum sé inntakslónum lýst sem stöðuvötnum, sbr. matskýrslu LV bls. 113 og 143, og í greinargerð SG segir á bls. 8-9: „*Hagaey í Þjórsá er allvel gróin en nyrsti hluti hennar sem er að mestu uppblásinn mun hverfa undir lónið. Í stað farvegarins kemur kyrrlátt manngert stöðuvatn með algróinni eyju í miðju*”. Þessi tilvitnaði texti er tekin óbreyttur úr matskýrslu LV bls. 113. Er þessi hugljúfa sýn skýrt dæmi um hlutdræga framsetningu á málinu að hálfu Landsvirkjunar þar sem töluð eru niður áhrif af virkjunarframkvæmdinni, en mörg ámóta dæmi má finna í matskýrslu LV, sem eru síðan endurtekin í öðrum gögnum. Staðreyndin er hins vegar sú að Hagaey, sem er nánast öll gróin, hverfur að stórum hluta undir vatn (eftir verða ca. 10 ha. af 40 ha.), og í staðinn fyrir Þjórsá í sinni náttúrulegu mynd kemur manngert inntakslón, en framburður jarðefna í lónið verður að meðaltali um 0,1 GL á ári og samkvæmt því gæti Hagalón hálfyllst á 80-90 árum. Þá kemur fram í matskýrslu LV að svæðin á bökkum Hagalóns, að viðbættu hálfu rúmmáli lónsins muni endast í líðlega 200 ár miðað við framangreindan áætlaðan framburð. Sjá matskýrslu LV um framburð í Hagalón bls. 119-120 og 182. Því er ljóst að á nokkurra ára fresti yrði framburði dælt upp úr Hagalóni með tilheyrandi röskun fyrir umbj.m. og fleiri.

Landsvirkjun heitir því að kappkosta endurheimtu túna sem fara undir vatn með því að græða upp svæði, m.a. með því að nýta jarðveg sem dælt hefur verið upp, sbr. matskýrslu LV bls. 126 og greinargerð GS bls. 8. Það er göfugt markmið. Hins vegar myndu bændur hvort eð er að óbreyttu halda áfram sínu ræktunarstarfi og á Haga er hægt að rækta mun meira svæði neðan þjóðvegjar en þegar hefur verið gert. Það land sem hyrfi undir vatn er að miklum hluta ræktað eða ræktanlegt land og það er óafturkræft um ófyrirséða framtíð, svo og megin hluti Hagaeyjar.

Umbj.m. hafa bent á þann kost að ef yfirborð Hagalóns væri 2 metrum lægra, eða 114 m. y.s., þá færi mun minna ræktað og ræktanlegt land undir vatn enda yrði flatarmál lónsins þá ca. 270 ha. Það hefur að mati umbj.m. ekki verið gerð ítarleg rannsókn á þeim kosti og er minni lónshæð hafnað af hálfu Landsvirkjunar án merkilegra raka í matsgerð LV á bls. 179-182, sbr. ennfremur úrskurð S, bls. 10. Umhverfisstofnun taldi að æskilegt hefði verið að leggja fram til úrskurðar virkjun með lægri lónshæð en 116 m. y.s. í Hagalóni og Skeiða- og Gnúpverjahreppur taldi lækun lónsins mjög mikilvæga, sbr. úrskurð S bls. 48.

Það er viðurkennt í matsskýrslu LV að sjónræn áhrif Holta- og Hvammsvirkjana yrðu mikil sbr. matsgerð LV bls. 10 og úrskurð S bls. 13. Allir sem þekkja til aðstæðna vita að sýnu mest yrðu hin sjónrænu áhrif við Hagalón.

Myndun þriggja lóna í neðri hluta Þjórsár og bygging stíflumannvirkja, varnargarða og orkuvera mun gjörbreyta ásýnd sveitarinnar og nágrannasveitarfélaga, allt frá Þjórsárbrú á Þjóðvegi númer 1 og langleiðina að Þjórsárdal, sem hefur dregið að sér fjölda ferðamanna í gegnum árin og á ári hverju.

Þessar fyrirhuguðu virkjanaframkvæmdir munu ennfremur hafa ófyrirséðar afleiðingar á lífríki Þjórsár, eins og nánar verður vikið að síðar. Jafnframt munu fallegir fossar hverfa, fornminjar munu fara undir vatn, grunnvatnsstaða mun raskast við lónin sem hefur líka áhrif á ræktuð tún sem fara ekki beinlínis undir vatn en verða vatnssósa, farvegur Þjórsár mun verða vatnslífill á löngum köflum, framkvæmdirnar munu hafa neikvæð áhrif á ferðamennsku og frístundabyggðir í námunda við Þjórsá og stíflumannvirki munu koma í veg fyrir sportsiglingar niður ána, en allt þetta kemur fram í matsskýrslu LV og úrskurði S, og sérfræðiskýrslum sem taldar eru upp í matsskýrslu LV á bls. 189.

Eftir að virkjunarframkvæmdum lýkur verða aðeins eftir 5-6 störf pr. virkjun vegna eftirlits og viðhalds.

Á heimasíðu sveitarfélagsins segir m.a.:

„Skeiða- og Gnúpverjahreppur er hreinræktað dreifbýlissveitarfélag með tvo smáa byggðarkjarna. Landbúnaður stendur traustum fótum en vaxtarbroddarnir felast í ferðamannaíðnaði og þeirri staðreynd að sífellt fleiri landsmenn sækjast eftir að komast í sveitasæluna til lengri eða skemmri dvalar. Þannig fer eftirspurn eftir byggingarlöndum fyrir hverskonar húsnæði stöðugt vaxandi. Aðalskipulagið er mikilvægur grunnur til að búa í haginn fyrir þá þróun“.

Þær breytingar á aðalskipulagi er varða virkjunarframkvæmdir eru andstæðar þessari sýn og hlýtur sú staðreynd að hafa áhrif á afgreiðslu málsins í sveitarstjórn. Þá er ljóst að viðhorfsbreyting er að eiga sér stað í okkar samfélagi og sífellt meiri auður er talinn felast í ósnortinni náttúru. Umhverfissráðherra og fjöldi þingmanna hafa lýst því yfir að ekki séu fyrir hendi skilyrði fyrir eignarnámi ef sú staða kemur upp landeigendur neiti að semja við Landsvirkjun, en samþykki iðnaðarráðherra þarf til að framkvæma eignarnám sbr. 23. gr. raforkulaga nr. 65/2003, og er ákvörðun um eignarnám þ.a.l. ekki á valdi framkvæmdaaðilans. Mikill vafi er hvort skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar um almenningsþörf sé fyrir hendi vegna eignarnáms í þessu tilviki. Hinar þrjár fyrirhuguðu virkjanir í neðri hluta Þjórsár framleiða ekki nema 255 MW af raforku, sem nægir eingöngu til að sjá fyrirhugaðri viðbót við álverið í Straumsvík fyrir orku. Þannig má segja að þessar þrjár virkjanir nægi til að sjá hálfu nútíma álveri fyrir raforku! Hvaða almannahagsmunir felast í því? Í nútíma samfélagi teljast þetta vart miklir hagsmunir og er svo komið að almannahagsmunir snúast fremur um verndun náttúrunnar fremur en að spilla henni með framkvæmd sem þessari.

Lífriki Þjórsár:

Virkjun neðri huta Þjórsár hefur í för með sér margvíslegar slæmar afleiðingar og ennfremur er óvíst um ýmsar afleiðingar sem þessar virkjanir kunna að hafa. Jákvæðar afleiðingar eru fáar og lítilsverðar í þeim samanburði.

Í andmælum þessum er valið að vekja sérstaka athygli á rannsóknarskýrslu VMST, en í henni var megináhersla lögð á rannsóknir á laxfiskum og fæðudýrum þeirra í Þjórsá neðan Búrfells, en eftirfarandi umfjöllun er byggð á skýrslunni, en hluti hennar fylgir andmælum þessum. Þjórsá er ein af stóráám landsins að stofni til dragá með blönduðum jökuls- og lindaráreinkennum. Botndýr eru í miklum þéttleika samanborið við aðrar jökullitaðar ár á Íslandi og víða eru góð búsvæði fyrir laxfiska. Á fyrirhuguðu umráðasvæði virkjana lifa allar tegundir sem lifa í ferskvatni á Íslandi: Lax, urriði, bleikja, áll og hornsíli, en lax og urriði eru ríkjandi tegundir á svæðinu. Minnivallalækur er sérstæður að því leiti að þar er óvenju stór urriði og þéttleiki hans er álíka hár og í Laxá í Þingeyjarsýslu og rannsóknir benda til þess að urriðinn sem hrygnir í læknum nýti sér Þjórsá til uppeldis. Umtalsverður hluti náttúrulegra laxa er talinn uppalinn í Þjórsá sjálfri eða 83%, en þverárnar Tungá og Kálfá eru taldar standa undir 17% í því sambandi. Umbj.m. eiga veiðiréttindi í Þverá og þar veiðist aðallega urriði en líka einstaka lax. Árið 1991 var fiskistigi byggður í Búða og nú kemst göngufiskur upp Þjórsá að Búrfelli og þ.a.l. í þverárnar á því svæði. Það sem gerir laxinn í Þjórsá meðal annars merkilegan er að stór stofn hrygnir og elst upp í jökulvatni, sem er fátítt á Íslandi og í heiminum. Meðalveiði í Þjórsá á 10 ára tímabili fyrir gerð rannsóknarskýrslu VMST var 1.999 laxar. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Veiðimálastofnunar var netaveiði á laxi árið 2005 þessi: „Í netaveiði veiddust alls 7.558 laxar og vóg aflinn 21,4 tonn. Flestir þeirra veiddust í Þjórsá 3.979, 2.084 í Ölfusá og 1.137 í Hvítá í Árnessýslu“. Þessar tölur gefa til kynna að laxagengd í Þjórsá geti verið á bilinu 4.000-8.000 fiskar á ári miðað við 50% veiðialag. Þjórsá er ein af mestu laxveiðiám landsins. Neikvæð áhrif virkjana eru talin mest fyrir laxinn.

Skipulagsstofnun féllst á fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir með nokkrum skilyrðum, sem voru staðfest í úrskurði umhverfisráðherra með smá breytingum og viðbótum sbr. greinargerð SG, bls. 5-6. Í skilyrði nr. 4 segir meðal annars, sbr. úrskurð S bls.66:

„Áður en til framkvæmda kemur þarf framkvæmdaaðili að standa fyrir þeim viðbótarrannsóknum um grunnástand lífríkis í Þjórsá sem lagðar eru til í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki í Þjórsá og raktar eru í kafla 4.3.3. í þessum úrskurði.....“.

Til fróðleiks og áherslu er rétt að telja upp hvaða viðbótarrannsókir er verið að tala um en í úrskurði S er þá upptalningu að finna á bls. 39:

„Fram kemur (innsk. í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar um lífríki Þjórsár) að þörf sé á frekari rannsóknum og eru lagðar til eftirfarandi viðbótarrannsóknir á áhrifum á lífríki Þjórsár:

Meta þurfi seiðaveitur og væntanlegan árangur slíkra mannvirkja. Gera þurfi verkfræðilegar útfærslur á þeim aðgerðum sem helst komi til greina og meta út frá straumfræði og fiskatferli.

Kanna þurfi gönguhegðun og finna göngutíma laxaseiða til sjávar í Þjórsá svo unnt sé að tímastilla og hagræða aðferðum til að veita seiðum niður framhjá virkjunum.

Kanna þurfi betur göngur sjóbirtinga á leið til sjávar. Einnig séu takmarkaðar upplýsingar um stærð og útbreiðslu sjóbirtings á vatnakerfinu sem bæta þyrfti.

Kanna þurfi gönguhegðun laxfiska á leið upp Þjórsá með rafeindamerkingum.”

Af framangreindu er m.a. ljóst að sérfræðingar VMST hafa áhyggjur af því hvort gönguseiði lifi af ferð sína til sjávar.

Í úrskurði S kemur eftirfarandi fram á bls. 40:

„Bent er á að í sérfræðiskýrslu Veiðimálastofnunar komi fram að óvissa ríki um það hver verði raunveruleg áhrif virkjunar í Þjórsá og hvernng til takist með mótvægisáðgerðum. Því telji Umhverfisstofnun nauðsynlegt að farið verði að tillögum Veiðimálastofnunar um frekari rannsóknir á lífríki árinna og langtímaþöktun til að fylgjast með áhrifum virkjunar.....

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að virkjanir í Þjórsá neðan Búrfells hafi veruleg áhrif á villta stofna laxfiska og hlunninda í veiðimálum, þótt draga megi úr því að einhverju marki með mótvægisáhrifum.....

Ljóst sé að áhrif láglendisvirkjana á fiskstofna séu mun meiri en hálendisvirkjana”.

Umbj.m. eru mótfallnir því að samþykktar séu breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins í þágu virkjanaframkvæmda á meðan viðbótarrannsóknum þessum er ólokið, þar sem allt of mikil óvissa ríkir um áhrif framkvæmdanna á lífríki Þjórsár. Það verður að stöðva þetta virkjanaferli á meðan einhver óvissa ríkir í þessum efnum. Ef óvissunni verður ekki eytt á ekki að ráðast í þessar framkvæmdir því lífríkið á að njóta vafans. Samkvæmt upplýsingum frá Veiðimálastofnun eru viðbótarrannsóknir í gangi í samræmi við úrskurð S og einhverjar áfangaskýrslur hafa verið gerðar en þær eru ekki opinberar.

Niðurlag:

Hér að framan hefur verið rakið stuttlega hvaða áhrif fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár hafa á landgæði og lífsgæði minna umbygðenda. Þá er enn fremur rakin að nokkru leyti áhrifin á sveitarfélögin við Þjórsá og vörðun leiðarinnar frá Þjórsárbrú og allt upp í Þjórsárdal með raforkumannvirkjum og lónum, neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og fleira. Enn fremur liggur fyrir að fornminjar fara órannsakaðar undir vatn og enginn vissi er fyrir hendi um það hvaða áhrif þessar virkjanir hafa á lífríki Þjórsár, þ.m.t. á villta fiskistofna, fyrir utan áhrif á náttúruna að öðru leyti.

Óbeisluð Þjórsjá með sínum hólum, eyjum og fossum fyrir neðan núverandi virkjanir er ómetanleg náttúruperla í sjálfu sér, svo og lífríki árinna. Það er skammsýni að förna þessum verðmætum.


Fyrirhugaðar virkjanir hafa allt of miklar hættur og röskun í för með sér miðað við ávinning af þeim, en helsti ávinnurinn felst í nokkrum varanlegum störfum, veg yfir Þjórsá á stíflugarði, og raforkuframleiðslu sem nægir hálfu nútíma álveri. Fjölga má störfum með ýmsu móti og byggja má brýr án þess að virkja ána.

Umbj.m. telja í ljósi alls framangreinds að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eigi að hafna þessum breytingum á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Umbj.m. telja að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eigi ella að fresta ákvörðun um staðfestingu á breytingum á aðalskipulaginu að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og með samþykki ráðherra, skv. heimild í 20. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, m.a. vegna þess að of mikil óvissa ríki um áhrif virkjana á lífríkið í neðri hluta Þjórsár.

Umbj.m. treysta því að sveitarstjórnin standi a.m.k. við bókun sína frá 19. desember s.l. um að breytingarnar verði ekki samþykktar nema Landsvirkjun hafi samið við landeigendur.

Virðingarfyllst,



Asgeir Jónsson, hdl.

Athugasemdir sendar í fax 486-1246 og einnig póstsendar í dag með fylgiskjöllum, sem eru tilgreind á bls. 8.

Hjálagt, hluti úr eftirtöldum gögnum:

- 1) Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1. Mat á umhverfisáhrifum. Landsvirkjun, apríl 2003, LV-2003/032. Bls. 113, 119, 120, 126, 143, 179-182, 189.
- 2) Rannsóknir á lífríki Þjórsár og þveráa hennar vegna virkjana neðan Búrfells, unnin á vegum Veiðimálastofnunar, september 2002, VMST-S/02001. Bls. 1-7, 94-96.
- 3) Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1. Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, dags. 19. ágúst 2003. Bls. 1, 6-8, 10, 13, 15-17, 37-41, 48-49, 51-67.

27. febrúar 2007

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

01. mars 2007

Móttekið

Efni: Athugasemdir við breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Mér er ljúft og skylt að gera grein fyrir tengslum mínum við hinn forna Gnúpverjahrepp, ekki síst þar sem að fregnir herma að sveitarstjórnin telji að það séu nær eingöngu aðkomumenn sem hafi eitthvað við fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár að athuga. Ég er ekki búsettur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, en móðir mín er fædd og uppalin í Haga og forfeður mínir bjuggu þar alla 20. öld. Nú býr amma mín þar, ásamt frændfólki. Sumrin 1974-1980 var ég í sveit í Gnúpverjahreppi fyrstu 3 sumrin í Haga og síðari 3 sumrin í Þrándarholti. Fjölskyldan á auk þess sumarhús á 8 ha landskika í landi Haga og er fjölskyldan tíður gestur í Haga. Ég tel mig því vera notanda og njótanda þess svæðis sem fyrirhugað er að leggja undir stíflur og lón.

Tillaga mín til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er sú að þau áform um virkjanir í hreppnum sem eru í tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 verði lögð af. Vil ég hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að stuðla fremur að landnotkun sem fellur að ánni og umhverfi hennar eins og hún er í dag. Fyrir þessu vil ég færa nokkur rök.

1. Fyrst vil ég benda á að íbúar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafa engan ávinning af fyrirhuguðum framkvæmdum. Líkast til munu einhverjir eiga þess kost að fá störf á framkvæmdatíma en eins og Gnúpverjar þekkja af fyrri reynslu þá eru virkjanir ekki fjölmennir vinnustaðir og þróunin er í þá átt að virkjanir verði sjálfvirkar og verði stýrt úr þéttbýlinu í Reykjavík. Á bls. 14 í greinargerð með hinni breyttu skipulagstillögu kemur fram að gert sé ráð fyrir 10 ársverkum við virkjunina þegar framkvæmdum er lokið. En á bls. 101 í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna segir "Þegar virkjunin verður komin í fullan rekstur verður hún að jafnaði mannláus nema þegar unnið verður að viðhaldi og eftirliti og er gert ráð fyrir 10 ársverkum við þau störf árlega." Með öðrum orðum þá mun virkjunin ekki skapa eitt einasta stöðugildi í sveitarfélaginu (fyrir utan það að stöðvarhúsið verður austan Þjórsár).
2. Með fyrirhuguðum virkjunum verða gríðarlegar ásýndarbreytingar á Þjórsá frá Gaukshöfða niður undir Þrándarholt. Þjórsá er sjaldnast nefnd sem eitt af fallettri vatnsföllum landsins en á því svæði sem um ræðir er Þjórsá hvað fallettust. Efst eru sker, hólmar og eyjar, flúðir í klapparþrengslum og ármót bergvatnsins þar sem Þverá rennur í Þjórsá. Í Hagaey hefur núverandi eigandi gert tilraunir með skógrækt. Ef stíflað verður við Minna Núp þá mun þetta allt hverfa undir lón. Um 80% af Hagaey fer á kaf ef af þessum framkvæmdum verður.
3. Frá Minna Núpi og niður undir Þrándarholt er m.a. að finna hinn gróskumikla Minnanúpshólma, við Þjórsárholt er Ölmöðsey og eyjan sem sýslan dregur nafn af, Árnes, við Hofsbæina. Þar er jafnframt hæsti fossinn í neðri hluta Þjórsá, Búði. Á

Þessu svæði verða gríðarlegar breytingar fyrst og fremst þar sem farvegur Þjórsár verður að mestu leyti þurr. En stórum hluta af eyjunni Árnosi verður sökkt undir vatn.

4. Við vatnaskil Þverár og Þjórsár hefur verið hægt að renna fyrir fisk, einnig upp eftir Þveránni við brýrnar og í fosshylnum neðan við Fossnes. Þetta verður ekki hægt eftir virkjun.
5. Ljóst er að þau útivistarsvæði sem eru meðfram Þjórsá verða ekki svipur hjá sjón ef virkjanaáform verða að veruleika en þar hafa verið skemmtilegar göngu- og reiðleiðir (m.a. frá Þjórsárholti upp að Þverá). Auk þess sem róið hefur verið í eyjar og hólma í ánni, m.a. til eggjatöku.
6. Þær malarnytjar sem gefist hafa á svæðinu vestan Þverár verða fyrir bí þar sem hið gjöfula efnistökusvæði fyrir steypumöl sem hefur verið nýtt á síðustu árum verður á nokkra metra dýpi undir lóninu. Kostnaður við byggingar á nálægum bæjum mun því hækka verulega þar sem sambærileg svæði er ekki að finna í nágrenninu. Að þessu leyti eru virkjanaáformin í blóra við þann hagræna ávinning sem felst í aðgengi að slíkum jarðefnum.
7. Möguleikar bændu til að hefja ferðaþjónustu eða leigja eða selja lönd undir frístundahús verða lítils virði þegar öll svipmestu landformin við ána verða komin undir lón.
8. Augljóslega verður ekki unnt að vera með flúðasiglingar frá Haga niður undir Árnosi eins og byrjað var á fyrir nokkrum árum síðan. Þrátt fyrir að þessi starfsemi hafi legið niðri síðustu tvö sumrin er ástæðulaust að fallast á virkjun sem útilokar að unnt verði að halda úti flúðasiglingum en þær falla mun betur að þeim landbúnaði og ferðaþjónustu sem fyrir er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi heldur en virkjanir.
9. Sumarhúsaeygendur í landi Haga, vestur undir Þverá, hafa engar upplýsingar fengið frá sveitarfélaginu eða Landsvirkjun um hve hátt lónið muni ná fyrir neðan bústaðalöndin.
10. Á bls. 8 í greinargerð með hinni breyttu skipulagstillögu kemur fram að um 3 km af veginum muni hverfa undir Hagalón. Ljóst er að umtalsverðar breytingar þarf að gera á veginum á umræddum kafla en ekki hefur verið upplýst hve mikið þarf að hækka veginn. Þaðan af síður að upplýst hafi verið hversu hátt þurfi að lyfta veginum þar sem hann liggur neðan sumarbústaðanna í landi Haga og hvernig hljóðstigið kemur til með að breytast við bústaðina. Eigendur neðsta bústaðarins óttast að vatnsborð lónsins láti nærri að gutla á veröndinni hjá sér. Á sama stað í greinargerðinni kemur fram að gert sé ráð fyrir að vegurinn verði færður ofar í landið. Þetta er vönd hugmynd. Það er eingöngu verið að auka enn á neikvæð landslagsáhrif ef til stendur að færa veginn ofar í landi Haga, fyrir utan það hvað það þýðir fyrir títtnefnda sumarbústaði skammt austan Þverár.
11. Á skipulagsuppdrættinum kemur fram að gert sé ráð fyrir reiðleið meðfram veginum m.a. frá Þverá og neðan Haga. Ekki kemur fram í greinargerð hversu breiður reiðvegurinn kemur til með að vera. Auk þess sem ekki er ljóst hvernig hann fer með lönd sumarhúsanna í landi Haga.
12. Á bls. 8 í kafla um sjónræn áhrif í greinargerð með tillögu að breytingu á aðalskipulaginu kemur fram að *“Núverandi farvegur Þjórsár mun hverfa undir vatn en hann ber töluverð ummerki flóða og jarðvegsrofs með bökkum árinna auk röskunar vegna efnistöku. Hagaey í Þjórsá er allvel gróin en nyrsti hluti hennar sem er að mestu uppblásinn mun hverfa undir lónið. Í stað farvegarins kemur kyrrlát manngert stöðuvatn með algróinni eyju í miðju.”* Hér er látið að því liggja að framkvæmdirnar

og veita landeigendum í Haga smá sárabætur með því að fá samfellu í tún frá bænum og niður að þjóðvegi. Auk þess sem slík ráðstöfun mundi augljóslega auka umferðaröryggi þar sem minna yrði um akstur hægfara dráttarvéla um þjóðveginn.

21. Ég legg til að Minnanúpshólmi (Viðey) njóti hverfisverndar í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem náttúra hólmanum hefur fengið að þróast án teljandi áhrifa mannsins. Eðlilegt er að beit í hólmanum verði óheimil og engin ástæða er til að gera mönnum auðveldara að komast út í hann heldur en nú er. Minnt er á að Minnanúpshólmi er oft tekin sem dæmi um stað þar sem áhrif manna hafa verið í algjöru lágmarki um aldir.

Síðast en ekki síst vil ég rifja upp að íbúum á Suðurlandi er flestum í fersku minni þeir öflugur jarðskjálftar sem áttu upptök sín á svæðinu árið 2000. Þeir sem voru staddir á helsta áhrifasvæði skjálftanna þegar þeir gengu yfir líður sú stund seint úr minni. Ástæða þess að ég dreg þetta fram í dagsljósið er sú að ég óttast að jarðskjálftahætta í kjölfar fyrirhugaðra virkjana hafi á öllum stigum verið vanreifuð. Þess utan óttast ég að Landsvirkjun, með bestu virðingu fyrir öllu því fagfólki sem þar starfar, sé ekki að skoða jarðskjálftahættuna á réttum forsendum. Landsvirkjun mun vafalítið huga að því að þeirra eigin mannvirki þoli jarðskjálfta af tiltekinni stærð, auk þess sem þeir hafa líklega velt fyrir sér aðgerðum til að koma í veg fyrir að vatn tapist úr lónum sem ná yfir sprungur. En það eru tvö önnur atriði sem varða jarðskjálftahættu vegna mannvirkja (einkum lóns) á jarðskjálftasvæðum.

Í fylgiskjali með skýrslu um mat á umhverfisáhrifum um Núps- og Urriðafossvirkjanir fylgdi með sérfræðiskýrslu um jarðskjálftasprungur á svæðinu. En því miður náði það verkefni eingöngu til kortlagningar á jarðskjálftasprungum en ekki til áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda á skjálftavirkni.

Vatn getur valdið jarðskjálftum. Ekki kemur fram hvort eða hvernig staðið hefur verið á mati á jarðskjálftum sem kunna að leiða af fyrirhuguðum mannvirkjum og tilheyrandi lónum. Minnt er á að stundum gerist það að Ölfusá flæði yfir bakka sína. Þegar slíkt gerist þá hefur stundum orðið vart við aukna skjálftavirkni þegar jarðskjálftasprungur fyllast af vatni. Enda kunnugt úr fræðum um jarðskorpuhreyfingar að aukinn vatnsþrýstingur í jarðskjálftasprungum getur valdið skjálftavirkni.

Áður en það hvarflar að sveitarstjórnnum á Suðurlandi að festa umræddar virkjanir á aðalskipulagi og veita framkvæmdaleyfi fyrir þeim áformum tel ég afar brýnt að þær leiti svara við eftirfarandi spurningum:

Þegar vatnsþrýstingur í jarðskjálftasprungum eykst þar sem hluti þeirra lendir undir einhverjum hinna þriggja lóna hvernig breytist skjálftavirknin á svæðinu? Má búast við að viðkomandi svæði verði ávallt viðkvæmara fyrir jarðskjálftum? Er líklegra að þeir skjálftar sem verða við slíkar aðstæður séu stærri en ella? Eða má búast við mörgum litlum skjálftum til að byrja með en síðan komist á nýtt jafnvægi og svæðið verði jafn líklegt til að losa spennu með skjálftum og var fyrir lón?

Því miður kann ég ekki svarið við þessum spurningum en myndi fúslega svara þeim ef ég hefði til þess þekkingu. Ég hvet sveitarstjórn til að leita álits hjá Veðurstofu Íslands eða Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands til að fjalla um ofangreind atriði.

Gegnvot setlög hegða sér öðru vísi en þurr í jarðskjálftum. Ég vil ennfremur benda á að á gjörvöllu Suðurlandsundirlendinu skiptast á setlög og hraunlög. Í ísaldarlok náði sjávarstaða á Suðurlandi upp á hlað í Þrándarholti. Á þeim tíma átti sér stað gríðarleg setmyndun þar sem laus jarðefni söfnuðust upp. Síðar hafa runnið hraun yfir svæðið og er Þjórsárhraunið þeirra

kunnast. En talið er að það sé upprunnið á Tungnársvæðinu en það hefur fylgt farvegi Þjórsár alveg til sjávar.

Ef setlög sem liggja undir hraununum taka við umtalsverðu vatni sem berst til þeirra úr sprungum sem ná undir lón þá fá þau allt annan eiginleika heldur en þurrt set þegar jarðskjálftabylgjur berast í gegnum þau. Þess eru dæmi á sandflæminu við Skjálfanda, norðan Kelduhverfis, að jarðskjálftar hafi myndað smágíg(a) í lausum vatnssósa sandi. En gígarnir mynduðust þegar sandurinn afvatnaðist. Því er eðlilegt að sveitarstjórn leiti upplýsinga svara við eftirfarandi spurningum: Er kunnugt um þær aðstæður við fyrirhuguð lón við Þjórsá sem að ofan er lýst? Ef svo er hvar er þær að finna? Hvaða afleiðingum má reikna með í kjölfar þess að smáir og stórir jarðskjálftar fari um slík vatnssósa setlög? Eins og að ofan kann ég ekki svörin við þessum spurningum en tel fulla ástæðu til að leitað verði svara við þeim.

Með hliðsjón af því sem ég hef rakið að hér að ofan vil ég hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Virðingarfyllt,



Sigurður Ásbjörnsson
jarðfræðingur
Leifsgötu 30
101 Reykjavík
Netfang: sas@vortex.is

110364-3189

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnassýslu

01. mars 2007

Móttekið

Eystra-Geldingaholti 1, 27. febrúar 2007

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Ég leyfi mér að gera hér nokkrar athugasemdir varðandi breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 73/1997. En fremur áskil ég mér rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn.

Sjálfur er ég Axel Árnason (kt. 0205614919), sóknarprestur Stóra-Núpsprestakalls, en það nær yfir mörk sveitarfélagsins og rúmlega það, síðan 1991 eða í tæp 16 þegar þetta er ritað. Ég hef kynnt mér sögu sveitarinnar sem og náttúrufer hennar frá rótum Hofsjökuls og suður úr, á þessum árum sem lifuð hafa verið hér á slóðum. Sömuleiðis hef ég kynnst öllum heimilum sveitarinnar og öllum íbúum vegna prestsverka. Þess vegna tel ég mig þekkja bæði fólkið sem býr hér og staðhætti alla mjög vel, sem og söguna.

Ég hvet sveitarstjórn til að falla alfarið frá og að hún hafni með öllu fyrirhuguðum breytingum á aðalskipulagi sveitarfélagsins eins og þær liggja fyrir í greinargerð og umhverfisskýrslu dagsettri 30. nóvember 2006. Ég leggst þannig gegn auglýstum skipulagsbreytingum í hreppnum, sem sveitarstjórn auglýsti 18. janúar sl. í héraðsfréttablaðinu Dagskránni og ég legg það til að sveitarstjórn hafni því með öllu að heimila þær þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár sem skipulagstillagan tekur til.

Ég bendi sveitarstjórninni á að það er hlutverk hennar að gæta að hagsmunum sveitarfélagsins og íbúum þess. Ekki verður séð að fyrirhugað framkvæmdir, sem byggja á breyttu aðalskipulagi, bæti hag sveitarinnar né íbúa hennar, heldur má færa



að því gild rök að það rýri sveitina og gjaldfelli landsvæði og búsvæði, sem og tækifæri til afnota af landsvæði til frambúðar. Lífsgæðin hér falla með þessari fyrirhugaðri framkvæmd.

Sjónræn og efnisleg, bæði staðbundin sem og óstaðbundin heildaráhrif, virkjanaframkvæmda í neðri hluta Þjórsár með tilheyrandi uppistöðulónum eru að mati mínu afleit fyrir sveitarfélagið og svæðið sem slíkt. Fyrirhugaðar framkvæmdir gjörbreyta ásýnd landsins um ókomna tíð. Í fyrsta kafla 1.gr. skipulags- og byggingarlaga stendur meðal annars að unnið skuli í þessum efnum að skynsamlegri og hagkvæmri nýtu lands og landsgæða, að þróun byggðar og landnotkunnar skuli vera í samræmi við:

„efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi, að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi...“

Sveitarstjórnin er ekki að stuðla að sjálfbærri þróun með þessu auglýsta aðalskipulagi, heldur að eltast við og þjóna hagsmunum orkufyrirtækis og erlends auðhrings sem vilja knýja risaálver. Með þessari framkvæmd er ekki unnið í anda sjálfbærar þróunnar (en hugtakið sjálfbær þróun var fyrst notað í Brundtlandskýrslunni frá árinu 1987 og er skilgreint sem: *“Þróun sem gerir okkur kleift að mæta nútíma þörfum án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.”* Sveitarstjórnin er einmitt að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum með því að staðfesta auglýst aðalskipulagi og gefa út í kjölfarið framkvæmdarleyfi.

Í auglýstum breytingum á aðalskipulagi og þær framkvæmdum sem þar fá inni eru óásættanlegar vegna ótölulegra atriða.

1. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls liggur ekki fyrir. Það er óásættanlegt að virkjað sé fyrst og hugað svo að Rammaáætluninni en markmið hennar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafl og háhita, með tilliti til orkugetu, hagkvæmni, áhrifa á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, svo og hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Sveitarstjórnin á ekki að tryggja það með því að staðfesta auglýst aðalskipulag að sett markmið Rammaáætlunar náist ekki í gegn.

2. Aðalskipulagið minnkar enn frekar en orðið er svifaur í jökulvatni Þjórsár en í honum eru uppleyst efni sem binda koltvísýring í hafinu og myndar kalk fyrir sjávarlíf. Þjórsár er slagæð Selvogsbanka. Samhengi er á milli jökulfljóta og auðlindarinnar í hafinu. Sveitarstjórnin á ekki að tryggja það með því að staðfesta auglýst aðalskipulag að Landsvirkjun og Iðnaðarráðuneytið vinni sjávarlífinu enn meira tjón en orðið er.
3. Breytingin á aðalskipulaginu stuðlar að því að söngur Minna-Núpsflúða og Búða þagnar. Niður árinna er náttúruhljóð sem verðmæt lífsgæði felast í. Almennu syngjur jörðin ekki en fossar og flúðir gera það. Sveitarstjórnin á ekki að tryggja það með því að staðfesta auglýst aðalskipulag að þessi undur náttúrunnar þagni með öllu það sem eftir lifir lífs.
4. Það eru breyttir tímar og vitund almennings hefur vaknað. Fólk er aftur farið að skilja það að landið er fengið að láni frá óbornum kynslóðum. Sveitarstjórnin á ekki að tryggja það með því að staðfesta auglýst aðalskipulag að óafturkræfur verknaður verði unninn.
5. Umhverfiskostnaður vegna þeirrar fórnar sem aðalskipulag opinberar hefur ekki verið opinberaður. Sveitarstjórnin á ekki að tryggja það, með því að staðfesta auglýst aðalskipulag að slík vinnubrögð séu talin góð og gild, í ljósi þess að þau lönd og ríki sem við berum okkur saman við, reikna út umhverfiskostnaðinn.
6. Yfir höfuð er það óskynsamlegt að ráðast í framkvæmdir í þessum dúr efnahagslega séð þar sem ekki er atvinnuleysi á Íslandi. Auk þess er mikil þennsla í þessu smáa efnahagskerfi sem íslenskt samfélag er meðal annars vegna stóriðuframkvæmda og ruðningsáhrifa þeirra, auk þess sem verulegir og vannýttir möguleikar á endurnýjun áls er í heiminum. Sveitarstjórnin á ekki að tryggja það með því að staðfesta auglýst aðalskipulag að íslenskt samfélag, fjöldskyldur og skuldug heimili lendi enn frekar en komið er í hækkun á vísitölum hagkerfsins og skuldsetjist þannig enn frekar.

Axel Árnason, Eystra-Geldingaholti 1

7. Sveitarstjórnin á ekki að tryggja það með því að staðfesta auglýst aðalskipulag að íslensk orka sé afhent auðhringum með þessum hætti til margra áratuga og þannig stuðlað að arðráni ákomandi kynslóðum og hamla getu þeirra til sinna verkaefna.

8. Sveitarstjórnin á ekki að tryggja það með því að staðfesta auglýst aðalskipulag að efnahagskerfi Íslendinga verði undirselt erlendum auðhringum. Lítið hagkerfi eins og það Íslenska, geta auðveldlega orðið ofurseld þessum fyrirtækjum. Þau verða að gjöra svo vel og sitja og standa eins og þessum aðilum er þóknanlegt. Er það sú framtíðarsýn sem sveitarstjórnin vill stuðla að, að lúta stjórn alþjóðlegra auðhringa? Það er skelfileg hugsun ef svo er í pottinn búið í ljósi framferðis slíkra fyrirtæka víða um heim.

9. Í lögum nr. 73 frá 1997, Skipulags- og byggingarlög segir í 17. gr. *Kynning aðalskipulagstillögu.*

„Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti.“

Þessi kynning hefur ekki farið fram og mun ekki fara fram með þeim hætti sem löggin kveða á. Hins vegar stendur í greinargerð og umhverfisskýrslu dagsettri 30. nóvember 2006 bls. 3 að „Nú hafi Landsvirkjun valið þá tillögu að virkja í ofangeindum tveimur þrepum, Hamms – og Holtavirkun og hefur hreppsnefndin samþykkt að gera breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjarhepps þar sem þessar virkjanir eru auðkenndar.“ Sem íbúi sveitarinnar hefur mér ekki verið kynnt með neinum hætti af hverju sveitarstjórnin vill verða við þessari ákvörðun Landsvirkjunnar. Engin rök hafa verið lögð á borðið í þessu máli. Enn fremur má rifja það upp við hvaða aðstæður sveitarstjórnarnamenn gengust inn á það að setja Núpsvirkjun í fyrsta lagi inn á aðalskipulagið.


Hér er það ljóst að Landsvirkjun ræður ferðinni en ekki sveitarstjórnin og ef sveitarstjórnin samþykkir aðalskipulagði sýnir það að hún er að vinna eftir forsendum Landsvirkjunnar en ekki með hag og heill sveitarfélagsins og íbúa þess, því sveitarfélagið hefur blekkjandi ávinning af þessum framkvæmdum þegar til framtíðar er lítið.

Axel Árnason, Eystra-Geldingaholti 1

Umhverfismat vikjana í neðri hluta Þjórsár er að verða 4 ára gamalt og á þeim tíma hefur orðið mikil viðhorfsbreyting í umhverfismálum í landinu. Fólk lætur sig varða þessi mál með öðrum hætti en fyrr. Í ljós hefur komið að ýmsar breytingar hafa verið gerðar á framkvæmdinni frá því að hún kynnt árið 2003. Margt annað er snýr að þessum framkvæmdum er almenningi óljóst og ókynnt. Ef sveitarstjórn samþykkir framsett aðalskipulag er hún að leggjast á árar með þeim sem vinna eftir þröngum sér hagsmunum, í stað þess að vinna að farsælum atvinnuháttum, góðu mannlífi og blómlegri búsetu í sveitarfélaginu. Þeirri spurningu er ósvarað af hálfu sveitarstjórnar hverra hagsmuni hún er að tryggja með þessum breytingum á aðalskipulagi, því að ótölulegar upplýsingar benda á það að þessi framkvæmd sé óskynsamleg og beinlínis röng.

Að lokum þá áskil ég mér rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn. Ennfremur áskil ég mér rétt til skaðbóta.

Virðingarfyllt



Axel Árnason,
Eystra-Geldingaholti 1
801 Selfoss

020561-4919

axel.arnason@kirkjan.is
símar 486 6057 / 898 2935

Pétur

From: Heiða Eiríksdóttir [heida@ruv.is]
Sent: 28. febrúar 2007 18:42
To: petur@sudurland.is
Subject: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Follow Up Flag: Follow up
Flag Status: Flagged

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

28. feb. 2007

Móttekið

Keflavík, 28. febrúar 2007.

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Ég undirrituð geri hér með eftirfarandi athugasemdir, sem fengnar eru frá Atla Gíslasyni og Sigbrúði Jónsdóttur, við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjana, að mínum.

Virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar og einnig út á landgrunn. Þjórsá verður ýmist veitt úr farvegi sínum í göng eða skurði, eða í hana verða settar stíflur og lón mynduð. Ásýnd og eðli árinna verður því gjörbreytt á 50 km löngum kafla. Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslítill. Upp úr þurrum farvegi Þjórsár mun verða sandfok og hætta á uppblæstri.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Hagaey og Árnesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpsólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreyttast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna. Anddyri Þjórsárdals verður sökkt.

Það blasir við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu. Jafnframt að stoðum verði kippt undan ferðapjónustu í sveitinni. Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir sem við viljum leyfa komandi kynslóðum að njóta. Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í vöða.

Niður Þjórsár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur árniðurinn verið vísbending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og ættum við að gæta þeirra. Gríðarleg umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Með hliðsjón af framanrituðu má ljóst vera að auglýstar skipulagsbreytingar fara í bága við ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi eignarréttar. Þær ganga gegn almannaheill. Þær ganga alfarið gegn þeim náttúruverndar- og umhverfisjónarmiðum sem gerð er grein fyrir hér að framan og hafa í för með sér önnur veruleg náttúruspjöll til að mynda með háspennulínulögnum frá fyrirhuguðum virkjunum, um Hellisheiði og til Straumsvíkur í Hafnarfirði og Helguvíkur á Reykjanesi. Verði af fyrirhugaðri stækkun álbræðslunnar í Straumsvík mun það einnig leiða til óásættanlegs og verulega aukins útblásturs gróðurhúsalofttegunda og verður Ísland þá það land í Evrópu sem losar mest magn slíkra

lofttegunda. Það er alls ekki almenningsþörf á því að íbúar í Árnessýslu og annars staðar á landinu að færi þær gríðarlegu fórnir sem raun ber vitni í þágu mengandi stóriðju og til verðmætasköpunar erlendis. Það er heldur ekki almenningsþörf á því að selja þá raforku sem fyrirhugaðar virkjunum er ætlað að framleiða á útsöluverði til þessara lítt atvinnuskapandi stóriðju á meðan almenningur, bændur og allur annar innlendir atvinnurekstur greiðir margfalt herra raforkuverð. Raforkan er í raun flutt úr landi í þágu erlendra einokunaraudhringja. Hinar auglýstu skipulagsbreytingar og virkjanir sem af þeim kunna að leiða eru jafnframt ósamrýmanlegar skuldbindingum okkar um sjálfbæra þróun, að náttúran en ekki Landsvirkjun og erlendir álauðhringir njóti vafans og um mengunarbætur, sbr. einnig lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993. Er vísað til inngangs að lögnum og til 73. gr., 74. gr. og 75. gr. Jafnframt eru breytingarnar ósamrýmanlegar markmiðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og til þess fallnar að sveitarfélagið baki sér skaðabótaskyldu á kostnað íbúa þess. Þær breytingar sem sveitarstjórn beitir sér nú fyrir eru engan veginn í þágu hagsmuna sveitarfélagsins, íbúa þess og annarra landsmanna, fjárhagslegra sem ófjárhagslegra, hvornig sem á málið er litið. Fyrirhugaðar skipulagsbreytingarnar eru enn fremur andstæðar þeirri grundvallarreglu, sem Íslendingar hafa virt frá ländnámi, að vötn skuli renna sem þau hafa að fornu runnið.

Um frekari röksemdir vísa ég, eftir því sem við á, til athugasemda sem sveitarfélaginu kunna að berast frá einstaklingum og félagasamtökum sem leggjast gegn auglýstum skipulagsbreytingum. Sérstaklega vísa ég til athugasemda Sigprúðar Jónsdóttur, Eystra - Geldingaholti, til fyrirvara hennar og áskilnaða og geri þær að mínum. Er sérdeilis brýnt að sveitarfélagið fari í einu og öllu að góðum stjórnsýsluháttum við meðferð málsins. Í því samhengi áréttu ég skyldur sem lagðar eru á herðar sveitarfélaginu með stjórnsýslulögum nr. 37/1993, einkum 7. gr. 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 15. gr., 21. gr. og 22. gr.

Rétt er að minna á að við erum með landið í láni frá komandi kynslóðum og ber að skila því til þeirra í betra ástandi en við tókum við því. Auglýstar skipulagsbreytingar ganga þvert gegn þeirri skyldu okkar. Okkur ber þær að verja Þjórsá fyrir þessum landeyðingaráformum í þágu mengandi stóriðju og einsleitrar og metnaðarlausrar álframleiðslu. Fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá eru andstæðar brýnum þjóðarhagsmunum allra Íslendinga.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan skora ég á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að falla frá auglýstri tillögu um breytingar á aðalskipulagi 2004 til 2116 vegna svonefndra Hvamms- og Holtavirkjana í neðri hluta Þjórsár. Það er til almenningsheilla fyrir íbúa sveitarfélagsins og landsmenn alla.


Virðingarfyllst, Ragnheiður Eiríksdóttir

250171-4129

Landmáttinn 18

230 Reykjanesbræ

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnæssýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni



1. mars 2007

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

Virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru í og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar og einnig út á landgrunn.

Þjórsá verður ýmist veitt úr farvegi sínum í göng eða skurði, eða í hana verða settar stíflur og lón mynduð. Ásýnd og eðli árinna verður því gjörbreytt á 50 km löngum kafla.

Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnsléttur. Upp úr þurrum farvegi Þjórsár mun verða sandfok og hætta á uppblæstri.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Við sættum okkur ekki við það. Hagaey og Árnesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpsbólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Hætt er við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu.

Hætt er við að stoðum verði kippt undan ferðaþjónustu í sveitinni. Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir sem við viljum leyfa komandi kynslóðum að njóta.

Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða.

Niður Þjórsár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur árniðurinn verið vísbending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og ættum við að gæta þeirra. Gríðarleg umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Við viljum að sveitin sem við þekkjum svo vel fái að vera í friði fyrir þessum stórfamkvæmdum. Framkvæmdirnar snerta hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara þeirra sem hafa fasta búsetu í Skeiða-og Gnúpverjahreppi.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Nafn:

Gunnaugur Jónsson

Heimili:

Lækjasmára 4, Kópavogi

Kt.

200328-3889

Skipulags- og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

02. mars 2007

Móttekið

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

25. febrúar 2007

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

Virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru í og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar og einnig út á landgrunn.

Þjórsá verður ýmist veitt úr farvegi sínum í göng eða skurði, eða í hana verða settar stíflur og lón mynduð. Ásýnd og eðli árinna verður því gjörbreytt á 50 km löngum kafla.

Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslítill. Upp úr þurrum farvegi Þjórsár mun verða sandfok og hætta á uppblæstri.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðlagðir. Við sættum okkur ekki við það. Hagacy og Árnesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpshólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga íbúa sveitarinnar og aðra.

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Anddyri Þjórsárdals verður sökkt.

Hætt er við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu.

Hætt er við að stoðum verði kippt undan ferðaþjónustu í sveitinni. Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir sem við viljum leyfa komandi kynslóðum að njóta.

Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða. Veiði hefur verið stunduð í net í áratugi og hin síðari ár einnig á stöng. Óttumst við framhald þeirra hlunninda og sjáum við ekki að mótvægisáðgerðir framkvæmdaaðila gangi upp.

Niður Þjórsár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur árniðurinn verið vísbending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og ættum við að gæta þeirra. Frá bæjarhlaði mínu séð hef ég fyrir augunum flúðirnar við flóðgáttina, Þrándarholtsflúðir og niðinn í Búðafossi sem gefa vísbendingu um veðrabrigði.

Áhyggjur höfum við af uppblæstri í Þrándarholtshólma, Miðhúsahólma og Ánesi, sem við höfum daglega fyrir augum okkar og gerir ekki annað en að fegra útsýnið. Búast má við að viðáttumiklar sandeyrar verði á þurru með tilheyrandi fokhættu í hinum breiða farvegi árinna.

Óttumst við verulega röskun fuglalífs á Þjórsá með breyttum vatnsfarvegi og teljum að fyrirmynd Ásgríms Jónssonar af tveimur Lómum við Þjórsá muni hverfa. Gríðarleg umferð og ónáði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða, varðveita og nýta á sjálfbæran hátt, þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar. Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Við viljum að sveitin sem við þekkjum svo vel fái að vera í friði fyrir þessum stórfamkvæmdum. Framkvæmdirnar snerta hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara þeirra sem hafa fasta búsetu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við áskiljum okkur rétt til að senda inn frekari upplýsingar, rökstuðning og gögn.

Einnig óskum við eftir að við fáum að tjá okkur um athugasemdir og önnur gögn sem kunna að berast sveitarstjórn vegna málsins og einnig gögn sem sveitarstjórn kann að afla sjálfstætt.

Nafn:

Heimili:

Kt.

Sigríður Þjáma-dóttir

Þírski Þvannami 7

1803484419

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

02. mars 2007

Móttakið

Kópavogi 27. febrúar 2007

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Við undirrituð gerum eftirfarandi athugasemdir við auglýsta tillögu á breytingum á aðalskipulagi vegna Hvamms- og Holtavirkjunar.

Áformaðar virkjunarframkvæmdir í neðri hluta Þjórsár munu hafa ófyrirsjáanleg áhrif á náttúru í og við Þjórsá allt frá Þjórsárdal til strandar.

Þjórsá verður ýmist veitt úr farvegi sýnum í göng eða skurði eða í hana verður settar stíflur og lón mynduð. Ásýnd og eðli árinna verður því gjörbreytt á 50 km löngum kafla.

Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslítill. Upp úr þurrum farvegi Þjórsár mun verða sandfok og hætta á uppblæstri.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestfoss og Urriðafoss verða eyðilagðir. Við sættum okkur ekki við það. Hagaey og Árnesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpsbólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Þær hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningalegt gildi fyrir marga íbúa sveitarinnar sem og aðra. Niður Þjórsár er ekki hljóðmengun heldur hluti af eðlilegri náttúru landsins. Í gegnum aldirnar hefur áriðurinn verið vísbending um veðrabrigði. Hljóð náttúrunnar eru fágæt verðmæti í þéttbýli Evrópu og því ber að gæta þeirra.

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landslagið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Anddyri Þjósárdals með allri sinni fegurð verður sökkt.

Hætt er við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu.

Hætt er við að stoðum verði kippt undan ferðapjónustu í sveitinni. Meðfram Þjósá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir sem við viljum leyfa komandi kynslóðum að njóta.

Fiskgengd í Þjósá og þverám hennar er stefnt í voða.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjósárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Náttúran er takmörkuð auðlind sem okkur ber að virða og nýta á sjálfbæran hátt þannig að ekki sé gengið á höfuðstól náttúrunnar.

Þessar framkvæmdir eru ekki sjálfbær landnýting heldur valda lónin tortímingu á landi. Lónin munu með tímanum fyllast af aur og seti.

Við viljum að þessi fagra sveit sem við þekkjum svo vel fái að vera í friði fyrir framkvæmdum sem þessum.

Framkvæmdirnar snerta hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara þeirra sem hafa fasta búsetu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að ofan viljum við hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjósár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Virðingarfyllst.

*Sigrún Jónsdóttir Þinghólsbraut 25 kóp
211158-4099*

frá Eystra - Geldingalotti.

Þorsteinn Guðmundsson Þinghólsbr. 25

Kt. 271152-5668

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Arnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Eystra-Geldingaholti, 26. febrúar 2007

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Arnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Undirritaður er fæddur og upp alinn í Gnúpverjahreppi og hefur allan sinn aldur búið þar og starfað, eftirfarandi athugasemdir eru:

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Anddyri-Þjórsárdals verður sökkt. Þegar komið er upp fyrir Minna-Núp blasir við ægifögur sjón. Ég lít á þetta svæði sem anddyri Þjórsárdals og allir vita að hann er rómaður fyrir náttúrufegurð. Svæðið er líka anddyri að hálendi Íslands. Þarna er fyrirsjáanlegt að sjónmengun verður mikil af völdum stíflugarða, löns og nýs vegar langt upp í hæðum.

Fossar hafa tilvistargildi, eru verðmætir og verða eflaust enn verðmætari í framtíðinni. Búðafoss, Hestafoss og Urriðafoss verða eyðilagðir. Ég sætti mig ekki við það. Hagaey og Árnesi verður sökkt að hluta. Minna-Núpsbólmi og Ölmóðsey verða tæpast nefndar eyjar þar sem mest öll Þjórsá mun fara aðra leið. Eyjarnar hafa mikið náttúruverndargildi og tilfinningagildi fyrir marga fbúa sveitarinnar og sem og aðra sem svæðið þekkjá.

Virkjunarframkvæmdir munu ekki styrkja atvinnulíf í sveitinni til frambúðar. Sveitarfélagið hefur því engan ávinning af þessum framkvæmdum. Aftur á móti verður kippt stöðum undan hefðbundnum búskap á góðum jörðum og þar með er atvinnutækifærum í sveitinni fækkað. Fáeinir einstaklingar fá hugsanlega vinnu á framkvæmdatímanum en við getum ekki látið stundarhagsmuni nokkurra einstaklinga stjórna okkur.

Það er ekki atvinnuleysi í landinu. Til hvers eigum við að fórna náttúruperlum við bæjardyrnar hjá okkur til að útlendingar geti fengið vinnu og vitað er að þeir fá miklu lægri laun en Íslendingar? Fyrir hvern er það?

Við eigum ekki að fórna okkar dýrmæta landi fyrir erlend stórfyrirtæki. Það er úrelt.

Hætt er við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu. Mörg frístundahús eru nú þegar í sveitinni, talsverður hluti þeirra á landi í einkaeign, hreppurinn fær umtalsverðar tekjur af þeim án þess að bera af þeim nokkurn kostnað. Þessar eignir verða verðfelldar.

Gríðarleg umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur. Í hinni breyttu skipulagstillögu kemur fram að vegurinn mun hverfa undir Hagalón á þriggja kílómetra kafla. Upplýsingar um hvernig veginum verður háttað í framtíðinni liggja ekki fyrir, a.m.k. hafa þær ekki verið kynntar. Augljóst er að miklar breytingar verða á veginum og þar hljóta að verða feikn miklar landslagsbreytingar.

Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir. Við höfum ekki leyfi til að eyðileggja slíkar perlur, leyfum komandi kynslóðum að njóta þeirra. Útivistarsvæðin í grennd Þjórsár verða ekki svipur hjá sjón. Það er verið að verðfella sveitina okkar að eilífu. Það er ekki hægt að sætta sig við það.

Svo lengi sem elstu menn muna hefur safn Gnúpverja runnið fram sveitina þessa fögru leið. Á nú að eyðileggja hluta af stemningunni í kringum réttirnar. Og hvar á að reka safnið?

Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða. Landeigendum jarða sem liggja að Kálfá hefur ekki verið gerð grein fyrir hvaða áhrif breytingar á Þjórsá hafa á lífríki þeirra áa sem í Þjórsá falla. Það eru ekki bara þeir sem eiga land að Þjórsá sem kemur málið við, það erum við öll sem þessa sveit byggjum.

Í gegnum aldirnar hefur niður Þjórsár hljómað í eyrum fólksins í sveitinni. Á mörgum bæjum var hlustað á áriðinn til að átta sig á veðrabrigðum og voru þessi náttúruhljóð tekin mjög alvarlega. Það verður mikið af okkur tekið ef við getum ekki sjálf farið út, spáð í veðrið og hlustað á náttúruna.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Í skýrslu Landsvirkjunar um mät á umhverfisáhrifum bls. 30 segir:
"Jarðskjálftar af stærð 6-7 stig ár Richterskvarða verða á Suðurlandskjálftabeltinu nokkrum sinnum á hverri öld. Þeir koma gjarnan í hrinum einu sinni til tvisvar á öld og geta þær staðið í nokkra daga og jafnvel í nokkur ár. Því eru nokkrar líkur á að jarðskjálfti af slíkrri stærð ríði yfir á líftíma vatnsorkuvers. Hér er gefið í skyn að líftími þessa vatnsorkuvers séu nokkrir tugir ára. Er það ásættanlegt að fórna búsældarlegu landi í byggð fyrir fáa áratugi?
Gæti ekki hugsast að virkjunarframkvæmdirnar hefðu áhrif á hitaveitur sveitarinnar?

Á löngum köflum verður vatni Þjórsár veitt úr náttúrulegum farvegi í göng eða skurði og þá verður farvegur hennar afar vatnslítill. Það er ekki skammtileg tilhugsun að aka upp sveitina í norðaustan stormi og aðeins lækur í farvegi Þjórsár á mótis við

Stöðulfell og Þrándarholt. Gæti ekki orðið sandstormur á veginum? Mun ekki sandurinn sem rýkur upp úr farveginum hafa slæm áhrif á annan gróður?

Ekkert hefur komið fram um hvaða áhrif stór jökullón hafa niðri í byggð. Er ekki hugsanlegt að þau hafi kælandi áhrif á umhverfið? Það er óásættanlegt að slíkt skuli ekki athugað áður en hugsanlegar framkvæmdir hefjast og ég geri þá kröfu til sveitarstjórnar að hún afli sér traustra upplýsinga um þetta mál.

Framkvæmdin snertir hagsmuni allra Íslendinga, ekki bara okkar sem búum hérna á svæðinu. Þær snerta ekki síður þá sem eiga eftir að lifa í þessu landi. Ein til tvær kynslóðir geta ekki leyft sér að virkja allt sem virkjanlegt er. Komandi kynslóðir gætu fengið betri hugmyndir um nýtingu landsins en stíflugarða og lón. Við eigum ekkert með að taka tækifærin frá þeim sem erfa landið.

Umhverfismat virkjana í neðri hluta Þjórsár er að verða 4 ára gamalt og á þeim tíma hefur orðið viðhorfsbreyting í umhverfismálum í landinu. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á framkvæmdinni síðan hún var kynnt árið 2003.

Það er ótal spurningum ósvarað, málið hefur ekki verið kynnt nærri nógu vel og fyrirhugaðar vikjunarframkvæmdir auka óvissu um framtíð mannlífs og búsetu í sveitinni.

Ég óska þess að mín fallega sveit fái að vera í friði, meðan ekki vantar rafmagn til að tryggja búsetu og almannahag í landinu. Stórar fórnir hafa þegar verið færðar víða um Suðurland til að beisla orku og bæta hag landsmanna allra. **Slíkir hagsmunir eru ekki í húfi nú.**

Ég áskil mér rétt til þess að senda inn frekari rökstuðning, upplýsingar og gögn.

Með hliðsjón af framansögðu vil ég hvetja sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til að draga áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár til baka og fella þær út úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Virðingarfyllt,

Ólafur Jónsson 300453-5469
Ólafur Jónsson, Eystra-Geldingaholti

Skipulags-og byggingarfulltrúi
uppsveita Árnessýslu

01. mars 2007

Móttekið

Eystra-Geldingaholti, 26. febrúar 2007

Pétur Ingi Haraldsson

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu

Dalbraut 12

840 Laugarvatni

Efni: Athugasemdir við auglýstar breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Undirrituð er fædd og upp alin í Eystra-Geldingaholti, hefur alltaf átt þar heima og er nú þátttakandi í búskapnum á nefndum bæ ásamt öðru starfi í sveitinni. Þrátt fyrir að hafa dvalið í öðrum héruðum af og til hefur Gnúpverjahreppur alltaf togað í viðkomandi sem gerir eftirfarandi athugasemdir:

Ásýnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps mun gjörbreytast um ókomna framtíð og útilokað er að færa landið til fyrra horfs. Landslagi í og við Þjórsá verður umturnað allt frá Þjórsárdal til sjávar og mun það hafa neikvæð áhrif á búsetuskilyrði og mannlíf sveitanna.

Anddyri Þjórsárdals verður sökkt.

Árið 1931 kom út bók í Reykjavík sem nefnist Kvöldræður í Kennaraskólanum eftir Magnús Helgason frá Birtingaholti. Þar segir á bls. 17:

“Nú ætla ég að segja ykkur dálítið frá héraði einu, sem hefur flest til að bera af því, sem íslenskt ferðalag hefur í þessu efni upp á að bjóða: Stórfellda náttúru, yndislega og ömurlega, lífliga og eyðilega, forkunnar fríða og voða hrikalega, og allt þetta á eigi stærra svæði en svo, að einn vorlangur dagur má endast til að skoða. Og yfir því öllu hvelfist draumhiminn sögunnar. Hún situr þar í háseti og bendir á minjar og mannvirki löngu liðinna alda víðsvegar innan um furðuverk náttúrunnar. Í gegnum fossaniðinn heyrir eins og óm af þungri baráttu og örlögum liðinna kynslóða, en minnismælasögurnar bergmála frá báðum hliðum. Náttúrufræðingurinn, sagnfræðingurinn, fornfræðingurinn hafa þar allir ærið verkefni, og þá ekki síður skáldið og málarinn.

Hérað þetta heitir Þjórsárdalur. Í honum mætast byggðin og óbyggðin að vestanverðu við Þjórsá, og um hann liggur vegurinn norður á Sprengisand”.

Þótt langt sé síðan þetta var ritað og margt hafi breyst í Þjórsárdal, hafa töfrar og fegurð Dalsins ekki dvínað. Allir kunnugir vita hversu yndislegar reið- og gönguleiðir eru í Þjórsárdal. Höfum það í huga. Tilhugsunin um að þurfa e.t.v. að ríða á grjóthörðum stíflugörðum til að komast í paradís Þjórsárdals er óbærileg.

Virkjunarframkvæmdir munu ekki styrkja atvinnulíf í sveitinni þegar til framtíðar er lítið. Sveitarfélagið hefur því engan ávinning af þessum framkvæmdum. Þvert á móti verður kippt stöðum undan hefðbundnum búskap á góðum jörðum og þar með er afvinnutækifærum í sveitinni fækkað, Hugsanlega fengju fáeinir einstaklingar vinnu á

meðan að framkvæmdum stendur en við getum ekki látið stundarhagsmuni nokkurra einstaklinga ráða för.

Það er ekki atvinnuleysi í landinu. Til hvers eigum við að fórna náttúruperlum við bæjardyrnar hjá okkur til að útlendingar geti fengið vinnu og vitað er að þeir fá miklu lægri laun en Íslendingar? Fyrir hvern er þetta líka gert? Við eigum ekki að fórna okkar dýrmæta landi fyrir erlend stórfyrirtæki. **Við höfum ekki leyfi til þess, við erum gestir á hótél jörð.**

Hætt er við að framkvæmdirnar fæli burt ferðamenn og minnki áhuga fólks á að reisa sér frístundahús á svæðinu. Mörg frístundahús eru nú þegar í sveitinni, talsverður hluti þeirra á landi í einkaeign, hreppurinn fær umtalsverðar tekjur af þeim án þess að bera af þeim nokkurn kostnað. Þessar eignir verða verðfelldar.

Meðfram Þjórsá eru einstaklega fallegar og góðar göngu- og reiðleiðir. Við höfum ekki leyfi til að eyðileggja slíkar perlur, leyfum komandi kynslóðum að njóta þeirra. Útivistarsvæðin í grennd Þjórsár verða ekki svipur hjá sjón. **Það er verið að verðfella sveitina okkar um alla eilífð.** Það er ekki hægt að setta sig við það.

Svo lengi sem elstu menn muna hefur safn Gnúpverja runnið fram sveitina þessa fögru leið. Margar fagar og þekktar myndir hafa verið teknar af fjárrekstri Gnúpverja á þessari leið. Það er partur af okkar menningarsögu. Skiptir það kannski engu máli?

Fiskgengd í Þjórsá og þverám hennar er stefnt í voða. Landeigendum jarða sem liggja að Kálfá hefur ekki verið gerð grein fyrir hvaða áhrif breytingar á Þjórsá hafa á lífríki þeirra áa sem í Þjórsá falla.

Í gegnum aldirnar hefur niður Þjórsár hljómað í eyrum fólksins í sveitinni. Á mörgum bæjum var hlustað á árníðinn til að átta sig á veðrabrigðum og voru þessi náttúruhljóð tekin mjög alvarlega. Það verður mikið af okkur tekið ef við getum ekki sjálf farið út, spáð í veðrið og hlustað á náttúruna. Nær væri að kenna börnunum að hlusta á náttúruhljóðin heldur en að samþykkja að losa okkur við óm fossa og flúða.

Gríðarleg umferð og ónæði munu verða á svæðinu meðan á virkjanaframkvæmdum stendur. Í hinna breyttu skipulagstillögu kemur fram að vegurinn mun hverfa undir Hagalón á þriggja kílómetra kafla. Upplýsingar um hvernig veginum verður háttað í framtíðinni liggja ekki fyrir, a.m.k. hafa þær ekki verið kynntar. Augljóst er að miklar breytingar verða á veginum og þar hljóta að verða feikn miklar landslagsbreytingar.

Allar þessar virkjanir og lón eru á mjög virku jarðsprungu- og jarðskjálftasvæði. Ekki er tryggt að Þjórsárhraunið haldi vatni. Mikil óvissa er vegna hættu á jarðskjálftum og flóðum og er það fullkomlega óásættanleg ógn.

Í skýrslu Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum bls. 30 segir:

“Jarðskjálftar af stærð 6-7 stig ár Richterskvarða verða á Suðurlandskjálfbeltinu nokkrum sinnum á hverri öld. Þeir koma gjarnan í hrinum einu sinni til tvisvar á öld og geta þær staðið í nokkra daga og jafnvel í nokkur ár. Því eru nokkrar líkur á að jarðskjálfti af slíkri stærð ríði yfir á líftíma vatnsorkuvers”.

Þarna er gefið í skyn að líftími virkjana sé innan við öld. Það er algjörlega fráleitt að fórna dýrmætu og fögru landi fyrir slíkt.

